

# Sóknarfæri

Febrúar 2019

Frumkvæði og fagmennska í íslenskum sjávarútvegi

## Hátæknivædd fiskvinnsla

Nýtt hús G.Run í Grundarfirði

- Tækin í brúnni
- Rússar sækja tæknipekkingu til Íslands
- Besta aflaár Gullvers NS frá upphafi



# Tæknibylting í sjávarútvegi



Jóhann Ólafur Halldórsson  
ritstjóri skrifar.

Sjávarútvegur er atvinnugrein sem er að taka umtalsverðum breytingum þessi árin með mikilli tæknipróun og á margan hátt breyttri hugsun bæði hvað varðar framleiðsluna sjálfa og hjá afurðakaupendum. Aukin framleiðsla ferskra fiskafurða fyrir erlenda markaði hefur kallað á margs konar áskoranir, t.d. í kælingu fisks allt frá veiðum þar til á endastöð er komið í flutningum. Fyrir ekki ýkja mörgum árum hefði það þótt næsta fráleitt að hægt væri að byggja fiskvinnslu á Íslandi á framleiðslu ferskra fiskafurða sem fluttar yrðu sjóleiðina til meginlands Evrópu og jafnvel í suðurhluta álfunnar. En sú er engu að síður raunin. Skipin eru að breytast, vinnslurnar eru að breytast. Sú hugsun er að verða allsráðandi í greininni að stöðugt sé hægt að gera betur, ná lengra í dag en í gær. Það er greininni dýrmætt.

Í Sóknarfæri að þessu sinni er fjallað um nýja og vafalítið tæknivæddustu fiskvinnslu

landsins þessa stundina en hún er hjá fjölskyldufyrirtækinu G.Run í Grundarfirði. Eigendur stóðu frammi fyrir nauðsynlegum fjárfestingum í vinnslu sinni og tóku ákvörðun um að ráðast í miklar fjárfestingar, byggingu og hátæknivæðingu frekar en að leggja árar í bát. Allt er gjörbreytt; aðstaðan, tæknin, störfin og ekki síst möguleikarnir í afurðaframleiðslu. Líkt og framleiðslustjóri fyrirtækisins bendir á í viðtali hér í blaðinu býður sá tæknibúnaður sem fyrirtækið hefur nú yfir að ráða í vinnslunni upp á svo mikla möguleika til afurðavinnslu að helst er það mannhugurinn sjálfur sem er takmarkandi! Og svo að það sé enn og aftur undirstrikað þá er að baki þessari nútímalegu hátæknivinnslu íslenskt hugvit í þróun og framleiðslu fiskvinnslubúnaðar, hönnun húss og kerfa þess.

Tæknin er á fullri ferð. Hún er um borð í skipunum, t.d. í stjórnun veiðarfæra,

fiskileit, orkusparnaði, kælingu og aflameðferð. Nýjungagirnir okkar Íslendinga á þessu sviði sem öðrum er grunnurinn að því hversu framsækni við erum í sjávarútvegi og eftir því er tekið úti í hinum stóra heimi. Það er engin tilviljun að Rússar leita til Íslands eftir samstarfi við íslensk tæknifyrirtæki í sjávarútvegi nú þegar þeir spýta verulega í lófana í endurnýjun fiskiskipafloata síns og landvinnslu. Sjávarútvegshugvit okkar er útflutningsvara, ekkert síður en fiskafurðirnar sjálfar.

Tæknin skilar ekki aðeins betri framleiðsluvörum heldur einnig léttari störfum. Vélbúnaðurinn er að leysa hratt af hólm erfiðustu störfin en það er engan veginn sjálfgefið að störf hverfi með aukinni tækni og vélvæðingu. Fyrst og fremst breytast störfin til sjós og lands. Þetta er grein í sókn.

## Aflaskipið Þórunn Sveinsdóttir VE í lengingu

hefur skilað yfir 40 þúsund tonnum á land á rúmum 8 árum



■ Vel hefur aflast á Þórunni Sveinsdóttur VE frá því skipið kom nýtt frá Danmörku árið 2010. Með lengingu um 6,6 metra verður hægt að koma rúmlega 50% fleiri kerum í lest, eða alls 560.

Myndir: Óskar P. Friðriksson



■ Sigurjón Óskarsson, útgerðarmaður, segir fiskiri og gæftir hafa verið með besta móti að undanfögnu. Aukin ýsuafli fyrir suðurströndinni sé sérstakt gleðiefni.

**Aflaskipið Þórunn Sveinsdóttir VE er á leið í lengingu í Danmörku og er áformað að hefja vinnu við skipið ytra þann 1. mars næstkomandi. Togarinn var smíðaður í sömu stöð í Skagen í Danmörku og afhentur árið 2010. Sigurjón Óskarsson, útgerðarmaður, segir að með lengingunni fáiast veruleg stækkun lestarrýmis og það geri meðal annars að verkum að hægt verði að lengja veiðiferðir.**

„Skipið verður lengt um 6,6 metra og kemur lengingin aftarlega á lestina þannig að við fáum talsvert meira lestarrými að þessum breytingum loknum. Og um leið fáum við meira rými á milli- og togdekkum,“ segir Sigurjón. Aðspurður segir hann þetta verk-

efni hafa átt sér nokkurn aðdraganda.

„Skipið fór í slipp í maí í fyrra og þá varð óhapp þess valdandi að gat kom á byrðinginn. Í september kom svo í ljós að gera þyrfti betur við þessa skemmd og skoða afleiðingar hennar. Það ýtti okkur áfram með þá hugmynd að nota tækifærið í leiðinni og ráðast í að lengja skipið. Við fáum talsvert meira skip að þessu loknu, komum 560 kórum í lestina í stað 360 áður,“ segir Sigurjón en danska skipasmíðastöðin áformar að ljúka verkinu um miðjan júní, jafnvel eitt-hvað fyrr ef vel gengur.

„Við erum líka með fiskverkun og þurfum að fá hráefni í hana á meðan á breytingunum stendur. Það leysum við með því að taka togarann Bylgju VE á leigu í tvo

mánuði þannig að hráefnisöflunin er tryggt meðan á lengingu Þórunnar stendur.“

### Merkilega gott fiskiri

„Fiskirífið að unfanfögnu hefur verið ótrúlega gott og verið óvanalega góðar gæftir. Miðað við þennan árstíma er alls ekki hægt að kvarta. Ég hef oft í gegnum tíðina upplif- að mun verra veðurlag á þessum vetrarmánuðum,“ segir Sigurjón.

Með lengdri Þórunni Sveinsdóttur verður hægt að breyta róðarfyrikomlaginu, að sögn Sigurjóns. Landanir skipsins eru nú að jafnaði tvær í viku en áætlað er að landa einu sinni í viku eftir lengingu. Frá því skipið kom árið 2010 hefur það verið afar aflasælt og skilað rúmlega 40.000 tonnum á land.

„Sannast sagna er ég alveg hissa á því hversu gott fiskirífið er núna og til dæmis hefur að undanfögnu verið góð veiði á ýsu sem er okkur mikið fagnaðarefni. Ýsugengd hér fyrir sunnan landið hafði minnkað verulega á síðustu árum og verið rætt um að stofninn sé að færa sig norður fyrir land. Við gleðjumst því yfir að sjá aukningu á henni hér á suðursvæðinu á nýjan leik,“ segir Sigurjón. Aflamark Þórunnar Sveinsdóttur VE í ýsu nemur 975 tonnum. Heildaraflamark skipsins á yfirstandandi fiskveiðiári er tæplega 5.500 tonn.

### Veidigjöldin eru yfirdrífín skattheimta

Mikið hefur verið rætt um stöðu smærri útgerða að undanfögnu, ekki hvað síst í tengslum við breyt-


ingar á veiðileyfagjöldum en talað var um við breytingar gjaldanna á Alþingi að þau hafi verið minni útgerðum afar þung. Sigurjón segir það rétt.

„Gjöldin hækkuðu mjög hratt og við höfum þurft að greiða um 110 milljónir króna árlega síðustu ár. Það er mjög þungur skattur og er sannarlega skattur sem leggst af fullum þunga á landsbyggðina. Mér hefur þótt þetta yfirdrífín skattheimta sem við finnum verulega fyrir í rekstrinum. Ég er ekki farinn að sjá ennþá hvernig þetta kemur út eftir breytingar á lögum í lok síðasta árs en þarna hefur verið vel í lagt að undanfögnu, svo vægt sé til orða tekið,“ segir Sigurjón.

**samskip**


# Bætt þjónusta og aukinn áreiðanleiki

Nýtt siglingakerfi Samskipa tryggir jafnt útflytjendum sem innflytjendum bætt þjónustu og aukinn áreiðanleika.



## Útflutningur

Þjónusta sniðin að þörfum útflytjenda ferskra afurða



## Innflutningur

Aukinn áreiðanleiki og bætt þjónusta



# Veiðarfæranemarnir hafa gjörbylt starfinu

Ævar S. Jóhannsson, skipstjóri á Örfirisey RE ræðir aflanemateknina og nýafstaðna veiðiferð í Barentshaf

## Tækin í brúnni

Tölvu- og tæknivæðingin hefur ekki síður gjörbylt vinnusvæði skipstjórnenda fiskiskipa en öðrum störfum í samfélaginu. Upplýsinga- byltingin er á fullri ferð í skipum og fyrir skipstjórn- endur gildir að hafa bæði góða yfirsýn á upplýsingarn- ar, skýra framsetningu og geta séð í rauntíma hvað er að gerast. Hvort heldur er verið að vinna með siglingatæki, fiskileitartæki, stjórnúnað vindukerfa eða nemakerfi veiðarfæra. Allt myndar þetta eina heild fyrir skipstjórana sem þeir vilja ekki vera án í daglegu starfi eftir að hafa kynnst kostum tækninnar. Einn þeirra reyndu skipstjóra flotans sem hafa reynslu af tækniþróuninni er Ævar S. Jóhannsson, skipstjóri á frystitogaranum Örfirisey RE.

Í spjalli við hann þegar skipið var á heimleið úr 40 sólarhringa veiði- ferð í Barentshafi á dögnum var hann beðinn að segja frá reynslu sinni af þeim hluta tækninnar sem snýr að veiðarfærinu sjálfu, þ.e. veið- arfæranemunum, en Örfirisey er með heildstætt nemakerfi frá norska fyrirtækinu Scanmar en aflanemar frá þessu fyrirtæki komu í íslensk fiskiskip fyrir áratugum. Síðan hafa stöðugt bæst við nýir nemar, nýir möguleikar í virkni og stjórnun.

### Veiðarfæranemarnir fljóttir að borga sig

„Það sem ég staldra fyrst við í nemakerfinu eru hleranemarnir sem við fengum fyrir nokkrum ár- um frá Scanmar. Í fyrsta lagi hafa þeir án nokkurs vafa lengt verulega endingartíma hleranna. Hér áður fyrr voru menn kannski að dæma hlera ónothæfa en í dag get ég séð af upplýsingum frá nemunum hvaða breytingar ég þarf að gera til að geta notað hlerana áfram.

Síðan erum við hér á Örfirisey að draga tvö troll og þegar maður er í erfiðustu aðstæðunum, vond- um veðrum og miklu dýpi þá ber- ast mjög öruggar upplýsingar um allt sem er að gerast í trollunum aftan við skipið. Til dæmis þegar maður er að snúa og þarf að fylg- ast með hversu langt hlerinn er frá lóðinu, hvernig opnunin er og svo framvegis. Það er einfaldlega al- gjörlega hægt að treysta þessum upplýsingum og haga sér í stjórnun skipsins samkvæmt þeim. Og allt berst okkur upp í skip í rauntíma. Ég hef mikið verið á grálúðuveið- um með þennan búnað og þá getur botninn gjarnan verið mjög linur og hætta á að veiðarfærið sökkvi í leirinn. Þá er mikilvægt að sjá þetta strax og bregðast við. Um leið og lengjurnar fara að sökkva í drull- una þá ganga hlerarnir saman og þar með minnkar opnun.



■ Ævar S. Jóhannsson, skipstjóri í brúnni á Örfirisey. Hann segir veiðarfæranemana meðal mikilvægustu vinnutækja skipstjórnenda í dag. Kerfið skili miklum upplýsingum í rauntíma meðan á togi stendur.



■ Veiðarfæranemarnir í Örfirisey eru frá norska fyrirtækinu Scanmar. Bæði eru þeir á vörpunni sjálfri, sem og á toghlerunum og þannig getur skipstjórinn fylgst nákvæmlega með hvernig opnunin er á trollinu og hvernig það liggur í sjó.



■ Landað úr Örfirisey RE eftir góðan 40 sólarhringa aflatúr í norsku lögsögunni.

Svona aflanemakerfi er fljótt að borga sig því ávinningurinn skilar sér á svo mörgum sviðum. Veiði- hæfnin eykst, olíueyðsla minnkar, veiðarfærið slitnar minna en ella og þannig má áfram telja. Síðan eru auðvitað aflanemarnir sem senda okkur allar upplýsingar um magnið í pokanum og þannig getum við gætt okkur á því að taka ekki of mikið því það skiptir máli fyrir gæðin á fiskinum. Veiðarfæranem-

arnir hafa gjörbylt vinnu skipstjór- anna,“ segir Ævar.

### Erfitt tíðarfar og mikið myrkur

Sem fyrr segir lauk Örfirisey í byr- un síðustu viku 40 sólarhringa veiðiferð í Barentshaf en þangað hefur skipið farið margar veiðiferð- ir undanfarin ár. Á þessum árstíma má heita að sé myrkur allan sólar- hringinn en Ævar segir örlítið

húma að degi um hádegisbil fram- an af janúar.

„Með hverri vikunni tekur maður eftir að birtutímenn tekur að lengja,“ segir Ævar en aðspurður segir hann þetta venjast ágæt- lega þó vissulega kunni ekki allir jafn vel við þetta mikla myrkur. Aðspurður um tíðarferið segir hann að nú í janúar hafi verið vindasamara en síðustu ár á veiði- svæðinu.

„Undanfarin ár hefur verið mjög gott veður þarna. Í fyrra var hæð yfir svæðinu allan tímann sem við vorum eftir áramót og blíðu- veður en núna var tíðarferið erfitt allan túrinn. Svona getur þetta verið breytilegt frá ári til árs. Í ár fór- um við fyrstir af Íslendingunum strax eftir áramót til veiða í norski lögsögu en við getum þó ekki farið nema takmarkað til suðurs með vesturströnd Noregs. Veiðisvæðið er samt gríðarlega stórt en núna byrjuðum við túrinn við lögsögu- línuna við Bjarnarey, fengum mjög góða veiði þar en þurftum svo að færa okkur vegna veðurs. Þá fórum við á svæðið norður af Noregi og síðan um tíma enn austar að lög- sögumörkum Smugunnar. Það getur því verið mismunandi hvar við erum að fiska á svæðinu í þess- um túrum,“ segir Ævar og bætir við að á veiðislóðinni sé mikill fjöldi togara.

„Landhelgin er auðvitað gríðar- lega stór en engu að síður voru óhemju mörg skip að veiðum þarna. Til dæmis mikill floti rúss- neskra skipa og það er eftirtektar- vert hversu miklum breytingum sá floti er að taka. Rússneskar útgerð- ir hafa keypt marga mjög nýlega og glæsilega togara frá Noregi að und- anförnu og það fer ekki á milli mála að Rússarnir eru að verða mjög framarlega í togveiðunum. Þetta eru öflug skip með mikla veiðigetgu, stórar vélar, vandaðar

vinnslur og síðast en ekki síst mjög góða skipstjórnarmenn. Mikla fag- menn í brúnni - það fer ekki á milli mála. Og í stað þessara skipa sem Norðmennirnir hafa selt til Rússlands eru þeir að koma með nýja, enn stærri og glæsilegri tog- ara. Við Íslendingarnir erum því að verða dálítið gamaldags í saman- burðinum.“

### Góður fiskur og tæknivætt veiðiefirlit Norðmanna

Ævar segir að fiskurinn í norsku lögsögunni hafi verið mjög góður. „Þetta er allt vænn fiskur, mjög vel haldinn hrygningarfiskur og göngufiskur sem Norðmenn kalla gjarnan „skrei“. Við sáum mikinn mun á því í byrjun veiðiferðarinnar og nú í lokin að í síðustu holunum var eingöngu stór þorskur og út- belgdur af hrognum. Smáfisk sjáum við hins vegar aldrei, alla vega ekki á þessum tíma ársins,“ segir Ævar.

Eitt tækniskref nefnir Ævar skipstjóri sem hann segist hafa tek- ið eftir þegar veitt er í norsku lög- sögunni og það er hvernig Norð- menn standa að fiskveiðiefirlitinu á svæðinu og þjónusta skipin.

„Bæði eru þeir með mikið eftir- lit á miðunum og senda menn um borð í skipin en þetta snýst líka um mikla og öflugra rafræna þjón- ustu sem við skipstjórnarnir þurfum á að halda. Afladagbókum skilum við rafrænt á hverjum degi með mjög lítilli fyrirhöfn en síðan fáum við líka stöðugar uppfærslur á kort- um sem ganga beint inn í plotter- inn hjá okkur og sýna t.d. allar lokanir, línulagnir eða annað sem við þurfum að gæta okkar á ef við erum á þannig veiðisvæðum. Þetta er til mikillar fyrirmyndar og þæg- anda fyrir okkur. Fiskistofa á Ís- landi mætti fara að herða sig og koma sinni starfsemi hvað þetta varðar betur inn í nútímann.“



# Allt fyrir kælingu & frystingu

Áratuga reynsla og fagmennska



CO2 Kæli- & frystikerfi



Hraðopnandi iðnaðarhurðir fyrir kæli & frystiklefa ofl.



Eimar & eimsvalar



Ísvélar



Kæli- & frystivélar & kerfi



Northstar Ísvélar



Kúlupressur




Kælivélaolíur



Kæli- & frystiklefar, hurðir & öryggisbúnaður



Iðnaðareiningar fyrir stærri kæli- & frystigeymslur



Plaststrimlahurðir



Kælimiðlar R32, R600, R290, R744, R507, R404, R134 ofl.

Rauðagerði 25 · 108 Reykjavík · Sími 440 1800 · [www.kaelitaekni.is](http://www.kaelitaekni.is)



Okkar þekking nýtist þér



# Þjónustan nær alla leið til Ástralíu!


## Tækin í brúnni

„Fyrirtækið var stofnað hér er Grindavík í janúar árið 2013 og við erum tveir rafeindavirkjar, ég og Jón Berg Jónsson sem við það störfum. Við sjáum um eftirlit og viðgerðir á siglingatækjum í skipum, gerum við radara, dýptarmæla og í raun öll siglingatæki. Í Grindavík þjónustum við mest skip stóru fyrirtækjanna, Visis og Þorbjarnar, en einnig skip víða annars staðar. Við vorum báðir hjá öðru fyrirtæki sem hét Tæknivík, sem við áttum og rákum í um 15 ár. Það var svo selt til Vélasölnunnar og við unnum þar í um það bil tvö ár. Þá hættum við þar og ég stofnaði þetta litla fyrirtæki,“ segir Jóhannes Gunnar Sveinsson eigandi Skiparadiós ehf. í Grindavík.

### Captain Hook línukerfið

Jóhannes Gunnar nefnir einnig að þeir hafi sérhæft sig í línukerfum. Búið til kerfi fyrir línubáta sem stjórnar drættinum á línunni, hversu mikið afl sé notað og hve hratt sé dregið. Kerfið haldi einnig utan um beitningu línunnar með svipuðum hætti. Þetta er lítið kerfi sem heitir Captain Hook, smíðað af Jóhannesi Gunnari.

Fyrirtækið er að flytja í nýtt og glæsilegt húsnæði í Staðarsundi í iðnaðarhverfinu í Grindavík og Jóhannes segir að allt sá hvolfi þessa dagana en þeir séu að stilla öllu upp á ný eftir flutninginn. Almennt séð hefur verið mikið að



■ Tveir starfsmenn eru hjá Skiparadió ehf. í dag; Jón Berg Jónsson og Jóhannes Gunnar Sveinsson, stofnandi fyrirtækisins. Þeir eru að flytja starfsemina í nýtt húsnæði þessa dagana.



■ Skiparadió hefur sett stjórnbúnað fyrir línukerfi í skip ástralskrar útgerðar sem gerir út á tannfisk frá eyjinni Míritius.



■ Línustjórnerkið frá Skiparadió heitir því skemmtilega nafni Captain Hook og hefur bæði verið sett í línubáta hér heima og einnig á Míritius.

gera hjá þeim í viðgerðum og eftirliti við togara og línuskip í bænum. Útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækið Þorbjörn er að kaupa notaðan frystitogara frá Grænlandi, sem áður var gerður út frá Íslandi og hét

þá Arnar og gera þeir félagar ráð fyrir einhverjum verkefnum þegar hann kemur.

„Svo er Vísir að láta smíða nýtt línuskip og við erum að teikna upp tækin í það og skipuleggja þar.“

### „Byrjaði á bát mað pabba“

Jóhannes Gunnar er úr Grindavík og byrjaði á sjónum eins og flest allir í þeim bæ. Hann þekkir því vel til útgerðar línuskipa. Hann byrjaði á bát með pabba sínum á

bát sem hét Jóhannes Gunnar. Byrjaði fyrst á hálfum hlut 14 ára gamall. Hann var svo á Kóp GK en þegar Jóhannes Gunnar var búinn að klára nám í rafeindavirkjuninni lá leiðin aftur á sjóinn. Í sjómennskunni var hann síðan í nokkur ár áður en hann fór að vinna í landi við sitt fag.

En það er fleira á könnunni hjá fyrirtækinu en almennt það hér heima. „Ég er núna að fara til eyjarinnar Míritius í Indlandshafi en þangað að fer ég einu sinni til tvisvar ári. Ég er þar að þjónusta ástralskt fyrirtæki sem stundar línuveiðar á tannfiski. Ég setti svona línubúnað frá okkur í þrjú skip hjá þeim á sínum tíma. Í framhaldi af því hef ég verið að þjónusta línukerfin og ýmsan annan tækjabúnað hjá þeim,“ segir Jóhannes Gunnar.

### Sækja hugvit til Grindavíkur

Það má segja að það séu mikil meðmæli þegar stór útgerðarfélög í Ástralíu sækja sér hugvit og þjónustu til Grindavíkur. Þess má geta að tannfiskurinn veidist eingöngu á suðurhveli jarðar. Hann er takmörkuð auðlind og eru að fást allt upp í 40 dollarar á kílóíð. Það svarar til 4.800 íslenskra króna.

„Við vorum þrír að vinna hérna, en erum bara tveir eins og er. Vorum með strák sem náði sér í stelpu frá Akureyri svo við misstum hann. Við fáum svo strák sem er að læra núna og kemur til okkar með sumrinu og í fríum. Það er því kappnóg að gera,“ segir Jóhannes Gunnar Sveinsson.

## HIN HLIÐIN

# Við erum allir sérvitringar!



Slippurinn Akureyri er í fréttunum þessa dagana enda verið að gera stóran samning við norska skipasmíðju um hönnun og uppsetningu á búnaði á millidekki fyrir togara sem þar er í smíðum. Því er það við hæfi að maður vikunnar sé starfsmaður Slippsins. Hann hefur mikinn áhuga á körfubolta, stangveiði og skotveiði og langar í veiðiferð til Rússlands.

**Nafn?**  
Ólafur Jón Ormsson.

**Hvaðan ertu?**  
Fæddur og uppalinn í Vesturbæ Reykjavíkur.

**Fjölskylduhagir?**  
Giftur, 4 dætur.

**Hvar starfar þú núna?**  
Sviðstjóri/verkefnastjóri í Slippnum Akureyri ehf.

**Hvenær hófst þú vinnu við sjávarútveg?**

Ég hef unnið í kringum sjávarútveg í tæp 20 ár.

**Hvað er það skemmtilegasta við að vinna við íslenskan sjávarútveg?**

Að eiga samskipti við það skemmtilega og ólíka fólk sem starfar við sjávarútveginn og vinna með því að lausnum.

**En það erfiðasta?**  
Við erum allir sérvitringar og vitum yfirleitt allt best!

**Hvað er það skrytnasta sem þú hefur lent í í störfum þínum?**

Þegar ég var beðinn um að aðstoða þekktan íslenskan leikstjóra með að gera listaverk og fékk greitt með árituðu eintaki af „Hrafninn flygur“.

**Hver er eftirminnilegasti vinnufélagi þinn?**

Jón Dofri Baldursson er einn duglegasti og viljugasti maður sem ég hef unnið með. Alltaf tilbúinn að hjálpa.


**Hver eru áhugamál þín?**  
Körfubolti, stangveiði og skotveiði.

**Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?**  
Lambahryggur.

**Hvert færir þú í draumfríð?**  
Veiðiferð til Rússlands.


*Á sjávarútvegsvefnum kvotinn. is má sjá „bina hliðina“ á fleiri starfsmönnum íslenskur sjávarútvegi.*





# OPTIM

Ísþykknibúnað og forkæla




Þeir kröfuhörðu velja

# ICE

- Rafmagnssparnaður í landi
- Engin ísframleiðsla í landi
- Enginn flutningur á ís um borð
- Geymslupláss á ís um borð sparast
- Engin tilfærsla á ís um borð
- Sparar vinnu við að ísa fiskinn

# KÆLIKEÐJAN ROFNAR ALDREI

Í SKIPINU · Í UPPSKIPUN · VIÐ FLUTNINGA



# KAPP

ehf

THE OPTIMICE COMPANY



# Góð reynsla af breyttu siglingakerfi



■ Breytingar á siglingakerfi Samskipa hafa fallið vel að þörfum útflytjenda ferskra fiskafurða.

Breytingar sem gerðar voru á siglingakerfi Samskipa síðastliðið haust hafa gefið góða raun, að sögn Þórunnar Ingu Ingjaldsdóttur, markaðs- stjóra fyrirtækisins. Markmið breytinganna var að mæta betur þörfum viðskiptavina fyrirtækisins með styttingu flutningstíma, auknum áreiðanleika og aukinni tíðni ferða. Breytingarnar hafa mætt síaukinni þörf fyrir flutninga á ferskum fiskafurðum til viðskiptavina erlendis en nú er boðið upp á



■ Þórunn Inga Ingjaldsdóttir, markaðsstjóri Samskipa.

afhendingar í upphafi viku á lykilmarkaði í Evrópu. Þjónusta við landsbyggðina var með þessum breytingum eflað til muna en hafðar eru vikulegar viðkomur á höfnum á Vestfjörðum, Norður- og Austurlandi.

**Sjóflutningar hagkvæmir**  
Bæði snúa breytingarnar að útflutningi og innflutningi en Þórunn Inga segir ánægjulegt að tekist hafi að halda 100% tímaáætlun í siglingum Norður- og Suðurleiða til Reykjavíkur síðasta þrjá og hálf-

an mánuð. Tilkoma Suðurleiðar hafi bætt tengingu frá Rotterdam og Bretlandi til Reykjavíkur og þannig séu vörur til afhendingar á mánudegi í Reykjavík.

Með sama hætti hafi breyting á brottfarardögum í útflutningi gert að verkum að vörur sé hægt að afhenda í Bretlandi og á meginlandi Evrópu á mánudögum. Það segir Þórunn Inga ekki síst mikilvægt fyrir útflytjendur á ferskum fiski. Sjóflutningar séu hagkvæmur kostur fyrir útflytjendur fiskafurða og með nýju siglingakerfi hafi Samskip lagt áherslu á að koma til

móts við þarfir þeirra. Einnig létti þessi sjóflutningar álagi af þjóðvegakerfinu hér innanlands þannig að ávinningur þessa kerfis sé margþættur.

samskip.is

## Enn eykst verðmæti sjávarafurða frá Noregi

### Sjávárúttvegur í Noregi

■ Í janúarmánuði fluttu Norðmenn utan 200.600 tonn af sjávarafurðum að verðmæti 122 milljarða íslenskra króna. Þetta er samdráttur um 4% í magni, en 13% vöxtur í verðmæti miðað við sama mánuð í fyrra. Útflutningsverðmæti sjávarafurða frá Noregi hefur aldrei verið meira í janúarmánuði.

**Laxinn hækkar enn**  
Aukin eftirspurn og verðhækkningar á laxi ráða miklu um verðmæt-

id. Þá hefur þorskvætið farið vel af stað og hefur útflutningur afurða úr þorski aldrei verið meiri í janúarmánuði en nú. Fiskeldi skilar um 70% útflutningsverðmætisins en 45% magnsins. Verðmæti þessara afurða er óbreytt miðað við sama tíma í fyrra, en magnið það sama. Verðmæti útfluttra afurða úr veiðum hefur vaxið um 8% en magnið fallið um sama hlutfall.

Nú fóru utan 86.000 tonn af laxi að verðmæti 81 milljarður íslenskra króna. Það er vöxtur um 1.800 tonn í magni en verðmætið hefur hækkað um 14%. Helstu kaupendur á laxi eru í Póllandi, Frakklandi og Bandaríkjunum.

### Ferskur fiskur stöðugri en saltfiskurinn

Norðmenn fluttu utan 4.700 tonn af ferskum þorski í janúar, sem er samdráttur um 900 tonn eða 16%, en verðmætið er svipað, enda hefur afurðaverðið hækkað. Mest af ferska þorskinum fer til Danmerkur, Lettlands og Svíþjóðar nú í byrjun árs. Útflutningur af frystum þorski var 9.900 tonn. Það er vöxtur um 2.000 tonn eða 25% og heildarverðmæti þessa útflutnings jókst um 48% vegna hækkan á afurðaverði. Mest af frysta þorskinum fer til Kína, Bretlands og Litháen.

Þá fóru utan frá Noregi 9.400 tonn af þurrkuðum saltfiski og er magn og verð á sama róli og í janúar í fyrra. Þessi fiskur er að



■ Fiskeldið stóð að baki 70% útflutningsverðmæta sjávarafurða Norðmanna og 45% magnsins nú í janúar.

mestu seldur til Brasilíu, Portúgal og Dominíkanska lýðveldisins. Af blautverkuðum saltfiski fóru aðeins utan 828 tonn. Það er samdráttur um 197 tonn eða 19%. Verðmætið féll um 14%. Helstu viðskiptalönd eru Portúgal, Ítalía og Grikkland.

Loks má nefna að útflutningur

af síld nam 33.300 tonnum. Það er samdráttur um 3%, en verðmætið féll meira eða um 13%. Af makríl fóru utan 22.600 tonn, sem er vöxtur um 2.900 tonn eða 15%. Verðmætið jókst hins vegar miklu meira eða um 54% enda hækkaði verð á frystum makríl um 34% miðað við sama mánuð í fyrra.





Ístak óskar G.Run til hamingju með nýtt og stórglæsilegt fiskvinnsluhús á Grundarfirði.

Þökkum farsælt og ánægjulegt samstarf við fyrirmyndar framkvæmd.

**ÍSTAK**

*Framkvæmdagleði í fyrirrúmi*



Tæknin í fiskvinnslu á hæsta stigi í Grundarfirði

# G.Run tekur í notkun hátæknivædda fiskvinnslu



■ Guðmundur Smári Guðmundsson, framkvæmdastjóri G.Run í nýja vinnslusalnum. „Með tilkomu nýja hússins verður gjörbreyting á öllum sviðum fiskvinnslunnar hjá okkur. Afkastagetan mun hátt í tvöfaldast þó mannaflinn verði sá sami og gjörbylting verður á þeim möguleikum sem við höfum til að vinna í fjölbreyttar afurðir, nákvæmni upp á gramm í bitaskurðinum og þannig má áfram telja. Erfiðustu störfin verða vélræn og erfiðasti hluti snyrtingarvinnunnar færast yfir í vélbúnað.“

Þessa dagana er að komast í fullan gang hjá fyrirtækinu G.Run í Grundarfirði nýjasta og án efa tæknivæddasta fiskvinnsla landsins í dag. Byggt var nýtt vinnsluhús við eldra hús G.Run og eru móttaka, vinnslusalur og pökkun ferskra afurða í nýja húsinu en lausfrystar og pökkun frystra afurða í eldra húsinu. Viðbyggingin er um 2.700 fermetrar að stærð og eldra húsið um 1.400 fermetrar. Á mælikvarða byggðarlags sem telur innan við 1000 íbúa er þessi fjárfesting gríðarstór og treystir landvinnslu staðarins í sessi til framtíðar. Enda segir Guðmundur Smári Guðmundsson, framkvæmdastjóri G.Run að eigendur fyrirtækisins hafi í raun staðið frammi fyrir þeim valkostum að hætta rekstrinum eða byggja myndarlega upp til framtíðar með allri þeirri nútímataekni sem er í fiskvinnslu dagsins í dag. Og sú leið var farin. Fjárfesting í verkefninu verður vel á annan milljarð króna þegar upp verður staðið. Fyrstu dagar í vinnslunni í nýja húsinu lofa góðu og mátti sjá bros á hverjum starfsmanni þegar Sóknarfæri heimsótti G.Run á dög- unum.



■ Raðað á færíbönd fyrir lausfrystingu.

## Ferskafurðaframleiðslan þrýsti á breytingar

„Fyrir um fjórum árum vorum við farin að sjá þess merki að gamla húsið væri að ganga úr sér og ýmislegt í vinnslunni uppfyllti ekki lengur kröfur, gera þyrfti lagfæringar á ýmsum búnaði sem yrðu kostnaðarsamar. Þess vegna voru bara uppi tveir valkostir í stöðunni, þ.e. að byggja nýtt eða hætta starfseminni. Fyrsti valkostur okkar í nýbyggingu var að byggja nýtt hús frá grunni við höfnina en þegar til kom var ekki nægjanlega stór lóð á lausu til að koma starfseminni fyrir með ásettanlegum hætti. Þá var næsti valkostur að byggja við eldra húsið og niðurstaðan var þetta stóra og mikla hús sem er í alla stadi glæsileg fiskvinnsla á nútíma vísu. Það sem líka knúði okkur til að ráðast í breytingar er sú þróun hjá okkur á síðustu fimm árum að færa aukinn þunga í afurðavinnslunni yfir í ferskar afurðir og til þess horfðum við með útfærslu á vinnslulínunum í nýja húsinu. Framleiðslan fyrir ferska markaðinn hefur stöðugt vaxið og var mikil handavinna í gamla húsinu en verður verður til muna tæknivæddari í nýju vinnslunni,“ segir Guðmundur Smári.

Fyrsta skóflustungan að nýja húsinu var tekin í júní árið 2017 og nú er húsið að komast fulla notkun, rösku hálfu öðru ári síðar. Stöðva þurfti vinnslu í fyrirtækinu í tvo og hálfan mánuð í lok framkvæmdanna meðan gengið var frá tækjabúnaði og öðrum þáttum til að hægt væri að hefja vinnslu.





VIÐ ÓSKUM G.RUN INNILEGA  
TIL HAMINGJU MEÐ NÝJU  
HÁTÆKNI VINNSLUNA





■ Sjálfvirknin í móttöku og innmötun er mikil. Þessi búnaður er frá Skaganum 3X.



■ Ýsuflök koma úr lausfrystinum.

### Tvær sjálfstæðar vinnslulínur

Eigendur og stjórnendur G.Run lögðu vel niður fyrir sér hvernig byggja ætti vinnsluna upp í húsinu og fengu síðan Marel að borðinu með sínar tæknilausnir og sérþekkingu.

„Við vorum því sjálf mjög virk í hönnunavinnunni frá upphafi en Marel framleiddi lang stærstan hluta búnaðar í vinnslusalinn, þ.e. tvær FleXicut vatnsskurðarvélar, flokkara, samvals- og flokkunarbúnað fyrir ferskvöru, færribönd, vinnustöðvar fyrir gæðaeftirlit og fleira. Flökunarvélar áttum við fyrir bæði bolfisk og karfa en bættum við flökunarvél fyrir stóran fisk. Síðan keyptum við tvo mjög öfluga skoska lausfrysta og höfum um 180 fermetra frystirými í þeim á fjórum böndum. Skaginn 3X hannaði og framleiddi allan búnað fyrir móttöku og innmötun og Kælismiðjan Frost var með kæli- og frystikerfi hússins. Hönnuður hússins er Helgi Már Halldórsson hjá ASK arkitektum og þetta eru stærstu aðilarnir að baki framkvæmdunum,“ segir Guðmundur Smári.

Tvennt markar nýrri vinnslu G.Run ehf. algjöra sérstöðu en það er annars vegar að í húsinu eru tvær aðskildar vinnslulínur hlið við hlið, þ.e. annars vegar vinnslulína fyrir þorsk, ufsa og ýsu og hins vegar sérlína fyrir karfa. Í báðum tilvikum er hægt að stýra afurðum hvort heldur sem er í pökkun í ferskar afurðir eða lausfrystingu, allt eftir því hvers markaðurinn óskar hverju sinni. FleXicut skurðarvél er á hvorri línu fyrir sig.

Hitt atriðið er ný hönnun móttöku og innmötunar frá Skaganum 3X sem ekki hefur sést í fiskvinnslu hér á landi. Þegar fiskikör koma úr skipi fara þau á kældan hráefnislager og þaðan tekur lyftari karastæður og setur í nokkurs konar „magasin“ sem með alsjálfvirkjum hætti tekur hvert karið af öðru, losar úr því inn á vinnslulínu hússins, skilar tómu kari áfram í sjálfvirkan þvott og að endingu staflar vélbúnaður tómu, hreinum körum upp í stæður sem lyftaramaður færir síðan úr húsi þaðan sem þau fara um borð í skip á nýjan leik. Aðeins þarf því einn mann í hráefnisinnmötun vinnslunnar.

### Hátt í tvöföldun afkastagetu

„Með tilkomu nýja hússins verður gjörbreyting á öllum sviðum fiskvinnslunnar hjá okkur. Afkastagetan mun hátt í tvöfaldast þó mannaflinn verði sá sami og gjörbylting verður á þeim möguleikum sem við höfum til að vinna í fjölbreyttar afurðir, nákvæmni upp á gramm í bitaskurðinum og þannig má áfram telja. Erfiðustu störfin verða vélræn og erfiðasti hluti snyrtingarvinnunnar færirst yfir í vélbúnað. Verulega aukin afkastageta gerir líka að verkum að við komum til með að sækja meira út á fiskmarkaðina og til annarra eftir hráefni þar sem við höfum ekki sjálf yfir að ráða nema um 60% af því magni sem við ætlum okkur að vinna í húsinu. Við teljum góðan grundvöll fyrir því þar sem hér er á nesinu er verið að selja árlega 20-25 þúsund tonn af fiski á mörkuðum. Og í heild er verið að selja um 100 þúsund tonn á innlendum fiskmörkuðum sem við höfum lítt eða ekkert tekið þátt í. Við væntum þess að þetta nýja hús verði samkeppnifært til kaupa hráefni á fiskmörkuðunum til vinnslu,“ segir Guðmundur Smári en í heild



■ Í vinnslusalnum. Hér sjást FleXicut skurðarvélar frá Marel, ein á hvorri vinnslulínu hússins. Nýja vinnslan er að því leyti frábrugðin flestum öðrum að í húsinu eru tvær vinnslulínur, þ.e. önnu fyrir bolfisk og hin fyrir karfa.

## Helstu verktakar og búnaðarframleiðendur

<b>ASK arkitektar:</b>	Hönnun vinnsluhúss
<b>Verkís:</b>	Hönnun burðarvirkja, loftræsikerfa, vatnsúðakerfa, hreinlætis- og vatnskerfa, raflagna, lýsingar, reykskynjarakerfa, myndavélakerfa, fjarskiptakerfi
<b>Ístak:</b>	Bygging vinnsluhúss
<b>Marel:</b>	Vinnslulínur, færribönd, vatnsskurðarvélar
<b>Skaginn 3X:</b>	Innmötunarkerfi, karapvottakerfi
<b>Kælismiðjan Frost:</b>	Kæli- og frystikerfi
<b>Ragnar og Ásgeir ehf.:</b>	Flutningar



■ Í vinnslunni er sérstakur kæli fyrir ferskfiskafurðir. Kæling í gegnum allan vinnsluferilinn er lykilaðriði.

er stefnt að því að vinna um 8000 tonn af fiski í nýja húsinu á ári.

### Mjög góð veiði


G.Run nýtir þjónustu 5-6 fyrirtækja í sölumálum og segir Guðmundur Smári að megin þungi vinnslunnar færirst nú yfir í ferskar afurðir. Stærsti markaður fyrirtækisins í þeim afurðum er Frakkland sem hann segir að hafi stöðugt verið að sækja í sig veðrið.

G.Run gerir út togbátana Helga SH-135 og Hring SH-153 sem hafa landað vikulega í Grundarfirði en Guðmundur Smári reiknar með að útgerð þeirra breytist þannig að annar þeirra landi tvisvar í viku og hinn einu sinni. „Við sækjum eingöngu hér fyrir vesturhluta landsins og fiskiríði er og hefur verið ótrúlega gott. Okkur hefur greinilega tekist vel að byggja helstu fiskistofna upp og sjáum til dæmis góða aukningu í ýsuaflanum á nýjan leik, fyrr en við áttum von á. Sveiflur verða auðvitað alltaf í veiðinni eins og verið hefur í gegnum tíðina og fiskifræðingar tala um litla nýliðun í karfa sem er okkur áhyggjuefni þar sem við vinnum mikið af honum. En heilt yfir þá er staðan hvað veiðarnar varðar mjög góð.“

### Glæsilegur vinnustaður og allir fullir tilhlökkunar

Guðmundur Smári segir að tíminn muni leiða í ljós hvort hægt verði að auka við vaktir í húsinu. „Þetta er mikil fjárfesting og framtíðin í fiskivinnslutækninni. Megin markmiðið er að nýta húsið sem mest og best til að það skili góðri afkomu árið um kring og við ætlum að skoða hvort mögulegt verði að bæta við hálfri vakt eða gera einhverjar breytingar sem nýta húsið enn betur. Inn í það spila ýmsir þættir, t.d. það sem rætt er við kjarasamningaborð um vinnutímaramma en fyrst þurfum við að læra inn á þessa nýju tækni og gera okkur grein fyrir hvaða tækifæri hún opnar okkur. Fyrstu dagar okkur í húsinu lofa mjög góðu og allir eru fullir tilhlökkunar að fá þennan glæsilega vinnustað.“





Íslenskur fiskiðnaður gengur í gegnum miklar breytingar þar sem fjórða iðnbyltingin leikur stórt hlutverk. Tæknivæðing og sjálfvirkni eykst og kallar á breytta hugsun. Uppbygging flæðis vinnslu og aðkoma starfsfólks að því eru lykilatriði sem skapa góðan vinnustað og skila góðri vöru.

Framtíðarsýn og heildarmynd eru lykilorð í okkar störfum.

Við óskum G.Run til hamingju með nýja, glæsilega og tæknivædda fiskvinnslu.

Þökkum frábært samstarf.







■ Rósa Guðmundsdóttir framleiðslustjóri G.Run, segir vinnsluna gjörbreytta frá því áður var. „Hér eru allir í öðruvísi starfi en þeir voru áður.“

# Erum komin inn í nútímann í fiskvinnslu

Rósa Guðmundsdóttir, framleiðslustjóri G.Run, segir mikla áskorun fyrir alla starfsmenn að læra á nýja tækni og gjörbreytt vinnuumhverfi

„Við erum öll að læra og kynnst gjörbreyttu umhverfi í vinnslunni. Það má segja að allir séu í öðruvísi starfi en þeir voru áður, sérstaklega í vinnslunni sjálfri en breytingarnar ná til allra starfsmanna í húsinu. Að sjálfsögðu eru þetta mjög spennandi vikur, því er ekki að neita,“ segir Rósa Guðmundsdóttir, framleiðslustjóri G. Run sem gaf sér stund frá annríkinu við stillingar á kerfum nýju vinnslunnar til að ræða breytingarnar og áskoranir í þeirri hátækni fiskvinnslu sem fyrirtækið hefur nú tekið í notkun.

„Ef ég horfi yfir sviðið í þessum breytingum þá finnst mér að sá mikli fjölbreytileiki sem er á öllum sviðum vera stærsti ávinningurinn. Hvort heldur við erum að tala um breytt störf, fjölbreyttari afurðir, svör við kalli kaupenda eða aðra þætti breytinganna. Við erum að detta inn í nútímann í fiskvinnslu, kveðja erfiðustu störfin og hlú að starfsumhverfinu,“ segir Rósa.

## Inn í nýjan heim í einu stökki

„Flestir sem hafa gengið í gegnum stórar breytingar í hliðstæðum fiskvinnslum hafa tekið breytingarnar í áföngum en hjá okkur má segja að við höfum klippt á gömlu vinnsluna og síðan sett þá nýju í gang nokkrum vikum síðar. Síðasti vinnsludagur í gamla húsinu var 9. nóvember og fyrstu



■ Samvalsbúnaður fyrir pökkun á ferskum afurðum. Tölvukerfið að vaki vinnslunni sér til þess að velja saman afurðir af mikilli nákvæmni í þyngdum. Þegar mikið magn er framleitt á árs grundvelli, líkt og í vinnslu G.Run, þá skiptir þessi nákvæmni miklu máli.

prufukeyrslur í nýma húsinu hófust síðustu dagana í janúar. Ég hef grínast með að það sem er „gamalt“ hér í vinnslunni eru flökunarvélar sem við áttum fyrir og svo við sjálf, starfsfólkið! Og við erum jú ennþá í Grundarfirði og heitum G.Run eins og áður. Allt annað er glænýtt,“ segir Rósa og hlær.

Fyrir framleiðslustjóra eins og hana hlýtur að vera spennandi að takast á við gjörbreytt vinnsluumhverfi sem býður upp á bitaskurð, afurðavinnslu í fersku sem frystu og mikla tæknivæðingu á öllum sviðum.

„Já, því er ekki að neita. Við vorum áður frekar einsleit fiskvinnsla hvað afurðafram-

leiðslu varðar og því er það mikil kúvending í hugsun fyrir okkur öll að vera komin með þessa tækni og möguleika. Afurðirnar sem við komum nú til með að vinna verða nýjar, vinnslutæknin allt öðruvísi, sem og allir ferlar. Ég sé fram á að við gætum verið að vinna allt að 20 framleiðslunúmer á dag, sagt





Við óskum eigendum og starfsmönnum GRun til hamingju með nýju fiskvinnsluna og þökkum öllum sem komu að verkinu frábært samstarf.

Verkís sá um hönnun burðarvirkja, pípulagna, loftræsikerfa og rafkerfa í hinu nýja húsi fyrir fiskvinnsluna auk hönnunar breytinga á eldra húsnæði og umsjón með framkvæmdum.







■ Unnið við þökkunarlinu fyrir ferskar afurðir.



■ Sjálfvirknin í nýja húsinu vikur erfiðustu störfunum til hliðar.

þó með þeim fyrirvara að við erum bara rétt að byrja og sjáum ekki að fullu ennþá hvað við getum gert. Það ánægjulega er að geta betur orðið við óskum markaðarins og viðskiptavina um vörur. Út á það gengur þetta allt saman. Í dag vilja kaupendur fá meira skorid niður og nákvæmari stærðir og þyngd á bitum í sama flokki. Þetta er eitthvað sem mannhöndin getur ekki gert af þeirri nákvæmni sem vatnsskurðarvélnar gera fyrir okkur. Út frá fyrstu vikunum í vinnsluþrófunum hef ég komist að þeirri niðurstöðu að líklegast er hugur okkar sjálfrá mesta hindrunin í því hvað við getum gert með þessari tækni. Það tekur okkur einfaldlega tíma í byrjun að átta okkur á hvaða möguleikar öll tæknin í salnum býður okkur upp á," segir Rósa.

#### Óskir kaupenda leiða þróunina

Aukinn fjölbreytileiki í bitaskurði og þar af leiðandi í afurðaflokkum segir Rósa vera þróun sem fyrst og fremst leiði af óskum kaupenda sjálfrá. „Viðskiptavinurinn vill fá fiskinn skorinn fyrir sig á þennan eða hinn háttinn og þær óskir reynum við að uppfylla. Þetta er ekki þannig að við skerum flökin niður á einhvern ákveðinn hátt eftir okkar hugmyndum heldur eru það viðskiptavinirnir sem hafa ákveðnar þarfir. Þetta geta verið aðilar sem selja fisk í bökkum í smásöluverslunum eða til veitingahúsa og auðvitað skiptir máli að varan sé sem líkust í stærð og þyngd, hvort heldur er í kæliborðinu í versluninni eða á diskum gesta veitingahúsanna. Því það er nú einu sinni þannig að við borðum líka með augunum. Þetta snýst því um vöruvöndun og gæði, númer eitt, tvö og þrjú," segir Rósa en ein af nýjum vélum í húsinu er flökunarvél fyrir stóran fisk sem mikilvægt þótti að fá inn í vinnsluna til að mæta þeirri þróun sem verið undangengin ár að þorskurinn hefur sífellt orðið vænni.

„Sem betur fer erum við þó farin að sjá merki um meiri blöndun og smærri fisk jafnhliða. Það er merki um nýliðun í þorskstofninum. Og sannarlega jákvætt merki um þróun stofnsins.“

#### Góð yfirsýn lykilatriði

Rósa segir það mikið átak fyrir allt starfsfólk vinnslunnar að takast á við þessar breytingar í sinni daglegu vinnu. „Aðdragandinn að þessu var langur en á meðan á undirbúningi og framkvæmdum stóð gættum við þess að halda starfsfólkinu okkar vel upplýstu, gefa því kost á að spyrja og fylgjast vel með. Ég held að þetta hafi átt sinn þátt í hversu vel okkur hefur gengið að koma nýju vinnslunni í gang en eins og ég sagði áðan þá erum við sem stjórnnum vinnslunni líka í miklu lærdómsferli. En við förum líka þannig í þetta að taka skref fyrir skref. Síðar í ferlinu mun svo starfsfólkið á gólfinu taka meiri þátt í skráningarferlum og slíku í vinnslunni, eins og kerfið býður upp á. Þannig reikna ég t.d.



■ Gæðaeftirlit og snyrting á karfaflökum.



■ Séð yfir vinnslusalinn. „Hér er allt nýtt, ef frá eru taldar flökunarvélar sem við áttum fyrir og svo við sjálf, starfsfólkið," segir Rósa framleiðslustjóri.

með að starfsmaður í móttöku verði með eigin spjaldtölvu þar sem hann fylgir eftir skráningu afurða inn í vinnsluna og tölvukerfin. Að baki búnaðinum frá Marel erum við með Innova skráningarkerfi frá þeim og vinnum einnig með WiseFish kerfið frá Wise þannig að upplýsingakerfin að baki vinnslunni gefa okkur stöðuga og góða yfirsýn. Og að sjálfsögðu færa þessi upplýsingakerfi okkar rekjanleika á framleiðslunni sem mikilvægt er að geta sýnt kaupendum fram á. Eitt af því sem við höfum lengi gert

umfram margar aðrar vinnslur af þessari stærðargráðu er að við höfum framlegðar-reiknað hvern einasta vinnsludag jafnóðum og þannig haft mjög góða yfirsýn á hvað skilar okkur mestum ávinningi. Þetta munum við gera áfram og getum haft enn meiri yfirsýn með þessum upplýsingakerfum. Góð yfirsýn er lykilatriði," segir Rósa.

**Flutningsleiðirnar mikilvægar**  
Árið 2015 var fyrsta árið sem ferskar afurðir urðu stærri hluti framleiðslu G.Run og sú

vinnsla verður í forgangi í nýja húsinu. Stærsti markaðurinn er í Frakklandi en afurðir fara einnig á Bretland og frystar afurðir til Bandaríkjanna og Þýskalands, líkt og áður.

„Við þróuðumst líkt og margar aðrar vinnslur úr klassísku frystihúsi yfir í ferskfiskvinnsluna. Sú vinnsla byggir að stærstum hluta á góðum flutningsleiðum og t.d. nýtum við mikið flutning með Mykenes frá Þorlákshöfn á föstudagskvöldum. Það þýðir að varan er komin til kaupenda okkar í Frakklandi á mánudegi. Sendum líka fisk með Norrænu frá Seyðisfirði, svo dæmi séu tekin. Flutningsleiðirnar eru grundvöllurinn fyrir ferkfiskframleiðslunni og skipaflutningar ódýrari en flugið," segir Rósa.

Hún segir breytinguna á sjávarútvegnum síðustu árin sýna hversu spennandi þessi grein er. Því þurfi að koma betur til skila til ungs fólks.

„Ég held að okkur takist illa að koma því til ungs fólks hversu áhugaverður iðnaður er yfir höfuð á Íslandi. Það á við um fiskvinnsluna sem og aðrar iðngreinar. Á tímabili þótti ekkert vit í öðru en fara í bóknám og upp í háskóla frekar en í iðngreinar. Við verðum að meta iðnmenntunina meira og laga þetta samfélagsmeiri í hugsun. Fyrir ungt fólk er sjávarútvegur áhugaverður starfsvettvangur en okkar vandi er sá hversu fljótt er farið í skotgrafirnar í umræðunni þegar talað er um greinina. Um leið og okkur tekst að komast með greinina upp úr þessum farvegi þá mun sjávarútvegurinn blómstra enn meir.“



Ný rannsókn Hafrannsóknastofnunar og Háskóla Íslands

# Makrill klekst út hér við land

Tilkoma makrils í íslensku lögsögunni á síðustu árum hefur miklu skipt fyrir útgerðir og vinnslur. Þó heimildir séu um makrillgöngur í lögsögunni á fyrri tíð þá er það nýmæli sem fram kemur í rannsókn Hafrannsóknastofnunar og Háskóla Íslands að makrill sé farinn að klekjast út í lögsögunni, vaxa hér við land og dafna. Stofnanirnar setja þó þann fyrirvara að hér sé um að ræða lítið brot heildarhrygningar stofnsins en niðurstöðurnar ættu þó að gefa þó vísbendingu um að makrill við Ísland sé kominn til að vera. **Að minnsta kosti um sinn.**

Ekki hefur áður verið sýnt fram á að makrill klekst út hér við land en Hafrannsóknastofnun og Háskóli Íslands hafa verið í samvinnu um þetta rannsóknarverkefni síðustu ár og beint kastljósinu að útbreiðslu hrygningar makrils og uppruna makrillseiða á íslensku hafsvæði.

Í rannsókninni var stuðst við niðurstöður úr fjölbjóðlegum leiðöngurum á vegum Alþjóða hafrannsóknaráðsins (ICES) þegar könnuð var hrygning makrils í Norðaustur-Atlantshafi árin 2010 og 2013.

„Hafstraumar við suðurströnd



■ Beinar veiðar makrils hófust hér við land árið 2007. Óhætt er að segja að tilkoma makrilsins hafi skipt verulegu máli í sjávarútveginn og í reynd fyrir þjóðarbúið allt undanfarinn áratug, enda skilað miklum útflutningstekjum.

landsins voru kortlagðir með aðstoð hafstraumalíkansins CODE sem þróað hefur verið við Háskóla Íslands. Makrillseiði af Íslandsmiðum voru aldursgreind og líkt var eftir reki ungvíðis frá veiðisvæði að klak- og hrygningarsvæði með því að reikna út rek með straumum aftur á bak í tíma. Þannig var, ásamt fyrirliggjandi upplýsingum um hrygningu makrils við Ísland, leiddar líkur að því hvar makrill-ungviðið klaktist út. Þessi rann-

sókn sýnir í fyrsta skipti fram á að makrill klekst út, vex og dafnar á íslensku hafsvæði þó vissulega sé aðeins um lítið brot af heildarhrygningu makrils að ræða,“ segir í niðurstöðuskýrslunni og er þar enn fremur rakið að á undanförunum árum hafi makrill gengið bæði norðar og vestar en áður.

#### Hrygningin færast norðar

„Samfara því hefur útbreiðsla og magn makrils á Íslandsmiðum




■ Makrill á leið til vinnslu. Bæði stærri skip og smábátar hafa stundað veiðar á makrill hér við land á síðustu árum.

aukist verulega og er það talið tengjast hlýnun sjávar og þéttleikaháðum áhrifum samfara stækkun stofnsins. Beinar veiðar hófust hér við land árið 2007. Makrillinn byrjar að hrygna í febrúar við strendur Spánar og Portúgals og síðan flyst hrygningin smám saman norður með Evrópu fram á vor með hækkandi hitastigi. Hrygningin nær venjulega hámarki í apríl- maí úti fyrir vesturströnd Írlands og suðvesturströnd Englands, en á

sama tíma er töluverð en dreifðari hrygning allt frá Biscayaflóa og norður fyrir Færeyjar. Á nyrstu svæðunum hefst hrygningin seinna og stendur fram í júlí. Frá árinu 2004 hefur orðið vart við makrill-ungviði við Suður- og Vesturströnd Íslands,“ segir enn fremur í skýrslunni um þróun hrygningar makrillstofnsins.

## Óskum eigendum og starfsfólki G.Run til hamingju með nýja fiskvinnsluhúsið



# FROST

KÆLISMIÐJAN FROST EHF.



Dótturfyrirtæki skipaverkfræðistofunnar Nautic hefur margfaldað starfsmannafjölda sinn í Rússlandi á 10 mánuðum

# Stórir skipahönnunar- samningar í höfn og mikil tækifæri framundan



■ Hrafnkell Tulinius, framkvæmdastjóri Nautic.



■ Ný byltingarkennd hönnun á krabbaskipi frá Nautic. Viðræður standa yfir um byggingu 7-17 slíkra skipa fyrir dótturfyrirtæki Russian Fisheries.



■ Samið hefur verið um hönnun 10 frystitogara þessarar gerðar fyrir sjávarútvegsfyrirtækið Norebo. Skipin verða smíðuð í Pétursborg og er smíðin þegar hafin. Togarnir eru 81 metri að lengd og 16 metra breiðir, búnir flakavinnslu, mjölvinnslu og öðru því sem tilheyrir vinnsluskipi af fullkomnustu gerð.

„Starfsemin í Rússlandi hefur undið verulega upp á sig á þessum mánuðum frá því við stofnuðum Nautic-RUS. Nú þegar erum við með stór verkefni í höndum og ég sé mikil tækifæri framundan á skipahönnunarsviðinu,“ segir Hrafnkell Tulinius, framkvæmdastjóri íslensku skipaverkfræðistofunnar Nautic sem stofnaði dótturfyrirtækið Nautic-RUS í Pétursborg Rússlandi í apríl í fyrra og hefur sjöfaldað starfsmannafjölda fyrirtækisins síðan þá. Nú er hafin í Rússlandi smíði fyrstu skipanna sem Nautic-RUS hannar en þar er um að ræða frystiskip fyrir stórfyrirtækið Norebo. Byggðir verða 10 togarar eftir þessari teikningu en því til viðbótar segir Hrafnkell unnið að sölu- og markaðssetningu krabbaskipa og minni togskipa, auk annarra verkefna.

## Rétt skref að stofna dótturfyrirtæki í Rússlandi

Alfred Tulinius, skipaverkfræðingur og stofnandi Nautic, hefur flutt sig til Rússlands og leiðir starfsemi og uppbyggingu Nautic-RUS í Pétursborg. Hönnun Alfreds á ferskfisktogurum HB Granda hf., Engey RE, Akurey RE og Viðey RE, vakti mikla athygli hjá forsvarsmönnum rússneskra útgerða og í framhaldinu komust á tengsl inn á hinn víðfeðma Rússlandsmarkað sem hefur skilað góðum árangri. Hrafnkell segir allt benda til að framundan séu mikil verkefni næstu ár í

Rússlandi. Ástæða þeirra miklu fjárfestinga sem eru um þessar mundir í rússneskum sjávarútvegi eru endurúthlutanir kvóta en stjórnvöld þar í landi fóru þá leið að úthluta 80% aflaheimilda til sömu aðila en fyrirtækin gátu sótt um þau 20% sem haldið var eftir gegn fjárfestingum í skipum og landvinnslum.

„Stofnun hönnunarskrifstofu í Rússlandi var ekki forsenda þess að fá verkefni á þessum markaði en eftir á að hyggja þá var þetta algjörlega rétt skref. Með þessu móti erum við nær markaðnum og viðskiptavinum en ekki síður er þetta lykilafríði til að við getum miðlað þekkingunni héðan úr Nautic inn í þessa hönnunarsvinnu ytra. Sér í lagi auðvitað reynslu Alfreds sem þrautreynds skipaverkfræðings sem hefur í áratugi byggt upp mikla þekkingu á hönnun fiskiskipa. Svo skrátið sem það kann að hljóma þá líta Rússar til okkar á Íslandi sem öflugra þekkingaraðila í sjávarútvegi og eftir þeirri reynslu eru þeir að sækjast. Þetta finnum við líka hjá t.d. sjávarútvegsráðuneytinu í Rússlandi en þar eru menn mjög ánægðir með þá ákvörðun okkar að byggja þjónustu í skipahönnun upp í rússnesku fyrirtæki. Þegar við stofnuðum Nautic-RUS í fyrra voru starfsmenn 6 talsins á stofnunni í Pétursborg en eru yfir 40 í dag. Og því til viðbótar erum við með sjö starfsmenn á skrifstofunni á Íslandi sem við nýtum einnig í verkefni Nautic-RUS eftir því sem á þarf að halda,“ segir Hrafnkell.

## Enduro-stefnið orðið vörumerki Nautic

Hönnun Alfreds á ferskfiskskipum HB Granda vakti mikla athygli hér á landi á sínum tíma, sér í lagi framsett stefni sem að baki býr ný hugsun gagnvart því hvernig skipið klyfur ölduna. Skipin sem Nautic-RUS er nú að hanna byggjast á sömu hugmyndafræði, t.d. togarnir tóu fyrir Norebo. Þau skip eru 81 metri að lengd og 16 metra breið.

„Þetta stefni er orðið nokkurs konar vörumerki okkar, hönnun sem við köllum Enduro-stefni, og það var þessi nýja leið í hönnun sem öðru fremur vakti áhuga rússneskra útgerða í byrjun. Í vinnsluskipum eins og þeim sem Norebo ætlar að láta smíða skilar þessi hönnun mun meira rými í framskipi en áður hefur þekkt auk þeirra kosta sem þau hafa varðandi þann orkusparnað sem næst þegar skipið klyfur ölduna. Sjólinan verður líka lengri, stöðugleikinn eykst og fleira mætti nefna af kostum þessarar hönnunar,“ segir Hrafnkell en upphaflega var samið við Norebo um smíði 6 togarar en samningurinn síðan stækkaður í 10 skip.

„Þetta eru frystitogarar með öllum fullkomnasta vinnslubúnaði, búin bæði flakavinnslulínunum og mjölvinnslum. Með öðrum orðum skip sem nýta allt sem úr sjónum kemur. Fjögur skipanna verða við veiðar Kyrrahafsmegin Rússlands en sex hér vestanmegin og norður í Barentshafi,“ segir Hrafnkell. Ljóst er að tvö íslensk fyrirtæki

munu einnig fá hlutdeild í þessu stóra togaraverkefni Norebo, þ.e. Kælismiðjan Frost sem hannar og selur kæli- og frystikerfi um borð og Naust Marine sem selur vindukerfi og stjórnkerfi fyrir vindurnar. Bæði eru þessi fyrirtæki aðilar, ásamt Nautic og fleiri íslenskum fyrirtækjum að Knarr Maritime markaðsfyrirtækinu sem var stofnað og sérhæfir sig í markaðssetningu á þjónustu íslenskra fyrirtækja við rússneskan sjávarútveg.

„Skipin 10 fyrir Norebo verða smíðuð í Severnaya skipasmíðastöðinni í Pétursborg og þessa dagana er smíðin komin í fullan gang á fyrsta skipinu og byrjað að efna niður stál í skip númer tvö. Áætlanir gera ráð fyrir að hefja smíði á nýju skipi á fjögurra mánaða fresti þannig að þetta verður stórt verkefni næstu ár. Ekki einasta snýst þetta hjá okkur um sjálfan skrokkinn og fyrirkomulag heldur höfum við líka ráðið til okkar t.d. innan-hússarkitekt til að vanda sem best til alls útlits innanskips,“ segir Hrafnkell.

## Margt líkt með Íslendingum og Rússum

„Eftir að hafa fengið að kynna betur rússnesku samfélagi innanfrá finnst mér sorglegt hversu neikvæða mynd við fáum af Rússlandi í gegnum fréttir hér heima. Það er mikil gróska á öllum sviðum rússnesks samfélags sem byggir að stórum hluta á vel menntuðu fólki, viljapræki og vinnusemi. Tæknin er á fullri ferð í Rússlandi eins og annars staðar en það hefur skort á framfarir






■ Aldreð Tulinius, skipaverkfræðingur og stofnandi Nautic situr hér fyrir borðsendanum á vinnufundi á skrifstofu fyrirtækisins í Pétursborg. Hans hugmyndfræði og hönnun hefur sannarlega vakið athygli og áhuga rússneskra útgerðarfyrirtækja og stjórnvalda.

og fjárfestingu í sjávarútvegi. Á meðan höfum við Íslendingar byggt upp sérþekkingu í innleiðingu tækni til að hámarka gæði sjávarafurða. Þetta er sú þekking sem við höfum að bjóða og til okkar er horft. Rússneskur sjávarútvegur mun breytast verulega á komandi árum, á því er ekki vafi. Hugsunin þar snýst líkt og hér heima um að hámarka afurðaverðmæti og tæknivæða bæði skip og vinnslur. Þeir skynja líka að vönduð, falleg og góð fiskiskip eru hluti af því að byggja upp gæðamynd sjávarafurða,“ segir Hrafnkell og bætir við að vissulega þurfi að yfirvinna margar hindranir vegna mismunandi menningarheima og ólíkrar hugsunar Íslendinga og Rússa á ýmsum sviðum.

„En það er hins vegar mjög margt líkt með þessum þjóðum og sannast sagna fleira en við áttum fyrirfram von á.“

#### Ný hugsun boðin í krabbaskipum og minni togskipum

Aðspurður um framhald verkefna í Rúss-



Þegar Nautic keypti skipahönnunarskrifstofu í Pétursborg í apríl í fyrra voru þar 6 starfsmenn. Þeir eru nú rösklega 40 hjá Nautic RUS.

landi fyrir Nautic-RUS segir Hrafnkell margt í vinnslu en aldrei sé neitt fast í hendi fyrr en samningar hafi verið undirritaðir.

„Við höfum verið í viðræðum um hönnun krabbaskipa fyrir dótturfélag Russian Fisheries og þar gæti orðið um að

ræða 7-17 skip en það byggist á því hversu mikinn kvóta fyrirtækið mun fá í krabba. Þetta eru skip í sama anda hvað varðar útlit og Norebo togararnir en krabbaskipin verða lokuð og gildir annað hvort teknar inn á síðu eða í gegnum brunn í botni skipanna.

Þarna erum við að bjóða algjöra byltingu í hönnun krabbaskipa, meðferð áhafnar, afurða og vinnslu,“ segir Hrafnkell en vonir standa til að niðurstaða þessa verkefnis fái stöðu fyrir lok marsmánaðar. Um er að ræða 63,7 metra löng skip.

Þörf er einnig á miklum endurnýjunum í flota minni togskipa í Rússlandi, þ.e. skipa sem eru um og innan við 30 metra löng, og segir Hrafnkell þetta vera skip sem eru í stuttum útiverum.

„Það má kalla þetta nokkurs konar strandveiðiflota sem telur um 250 skip en fyrir þennan flokk erum við að hanna þrjár línur af skipum, þ.e. 18 metra löng, 24 metra og 30 metra. Við höfum verið að kynna þessar lausnir fyrir útgerðum í Rússlandi og höldum því áfram en þessi skip hafa vakið mikla athygli bæði hjá yfirvöldum sjávarútvegs mála, útgerðum og sjómönnum sem hafa lagt margt gott til málanna í hönnunarferlinu.“

#### Frekari landvinnningar með nýju fyrirtæki

Auk beinna verkefna á skipahönnunarsviðinu er Nautic með fleiri járn í eldinum í Rússlandi en búið er að stofna annað dótturfyrirtæki sem ber nafnið MIR þar í landi.

„Hlutverk MIR verður að samþætta upplýsingar og gögn sem tengjast þjónustu og tæknilausnum í skipum. Við sjáum fyrir okkur að þetta geti bæði nýst til að koma lausnum Nautic á framfæri en jafnframt styðja önnur fyrirtæki, t.d. frá Íslandi, til að kynna sínar lausnir. Ekki síst sjáum við þetta sem tækifæri fyrir lítil og mjög sérhæfð fyrirtæki hér landi og víðar til að koma sinni þjónustu og framleiðslu á framfæri í Rússlandi. Tíminn mun svo leiða í ljós hvernig þetta fyrirtæki þroskast, líkt og var með Nautic-RUS en á þessu sviði eru ekki síður tækifæri,“ segir Hrafnkell Tulinius.

## Óskum eigendum og starfsfólki G.Run til hamingju með nýja fiskvinnsluhúsið



RAGNAR & ÁSGEIR EHF.





# Pokasjain hefur umbylt vinnu- umhverfi skipstjórans



Pokasjain er alveg eins og aflanemi og hefur einnig þá virkni.

## Tækin í brúnni


„Pokasjain er í öllum nema einum af þeim nýju togurum sem hafa komið til landsins að undanförunu og þessi nemi er kominn í lang stærstan hluta togveiðiflotans. Þetta er sú nýjung í tæknilausnum Marport sem hvað hraðast hefur náð útbreiðslu í fiskiskipaflotanum á Íslandi,“ segir Axel Óskarsson, verkfræðingur hjá tæknifyrirtækinu Marport. Fyrirtækið er með starfstöðvar víða um heim en sá hluti Marport sem staðsettur er hér á landi einbeitt sér að þróun og sölu nemabúnaðar fyrir fiskveiðar. Axel segir öra framþróun í þessari tækni ekki hvað síst að þakka miklum velvilja og áhuga skipstjórnarmanna og útgerða að tileinka sér nýja tækni og taka hana í sína þjónustu. Stærsti ávinningurinn af þessari tækni sé aukin gæði á fiski og hagkvæmari veiðar.

### Tryggir betur aflagæðin

Pokasjain er nemi sem festur er á botnvörpuna og hefur hún fjölbætta virkni. „Pokasjain skilar öllum þeim upplýsingum sem hefðbundnir aflanemar hafa gert síðustu áratuginna en því til viðbótar birtist á skjá hjá skipstjóranum mynd sem sýnir nákvæmlega hvernig trollpokinn er að hegða




■ Gluggarnir til hægri sýna mynd af tveggja trola rækjuskipi, efri lína er netið og neðri er botninn undir pokanum. Hægt er greina virkni skiljunnar ásamt því ef pokinn dettur á botninn.



■ Hér sést fjarlægð frá fótreipi niður að botni á flotrolli. Þetta gerir mönnum kleift að fara með trollið mun nær erfiðum botni en áður.

sér, á hvaða dýpi hann er, hversu langt frá botni og hvað er að fara í pokann. Það sést strax ef t.d. grjót fer í pokann eða eitthvað annað

sem getur skemmt veiðarfærið. Þannig er hægt að koma í veg fyrir tjón á veiðarfærinu. Með sama hætti sér skipstjórinn strax ef eitt-



■ Myndin sýnir þrjú tog á botntrolli. Hér sést vel hvernig pokinn þenst út og fyllist í hvert skipti.

hvað er athugavert við uppsetningu veiðarfærisins en aðalatriðið er að sjá í meiri upplausn og með mun meiri nákvæmni en áður hvernig trollpokinn er að fyllast. Eins og veiðar eru stundaðar í dag leggja menn aðaláherslu á að taka ekki of mikinn afla í hverju togi til að varðveita gæðin í fiskinum sem best og með pokasjainni okkar hafa skipstjórnendur fengið í hendur dýrmætt verkfæri til að tryggja það,“ segir Axel en upplýsingarnar birtast í rauntíma á skjá skipstjórans í brúnni.

### Leysir aflanemana af hólmi

Axel telur að pokasjain leysi hefðbundnu aflanemana af hólmi þar sem þessi nýja tækni gefi mun víðtækari upplýsingar.

„Pokasjain er líka mjög hjálpleg ef menn eru að skipta um gerð af veiðarfærum því eðli og hegðun þeirra getur verið svoltið ólík frá einni gerð til annarrar. Fyrst og fremst hefur pokasjain verið notuð í stórum sem smáum botnfiskskipum, allt frá nýjustu togurum flotans og niður í rækjubáta. Í rækjuveiðunum staðsetjum við nemann framman við skiljuna og getum þannig séð að auki hvort hún er að vinna eðlilega. Búnaðurinn hefur einnig verið notaður á flottrolls-

veiðum en við erum í áframhaldandi þróunavinnu hvað þær varðar og sjáum fyrir okkur að þessi búnaður verði almennur á þeim veiðiskap í framtíðinni, líkt og í botnvörpunni. Allt miðar þetta að því að bæta gæði aflans, koma í veg fyrir tjón á veiðarfærum og tryggja að sem bestur árangur náist á tog-tíma. Breytingarnar sem orðið hafa á umhverfi í veiðum með tilkomu aflanemanna undanfarna áratugi er gríðarlegur og hann hefur ekki hvað síst náðst vegna þess hversu viljugar útgerðirnar eru að prófa nýja tækni,“ segir Axel.

Kerfi Marport innifelur margar gerðir veiðarfæranema sem senda upplýsingar í kerfi í brú skipsins og þar geta skipstjórar séð í þrívídd bæði veiðarfærið sjálft og botninn, jafnframt því að hafa allar nauðsynlegar upplýsingar á borð við straum og straumstefnur, botndýpi og margt fleira. Upplýsingum úr kerfinu geta skipstjórnendur líka miðlað í snjallsíma og snjalltölvur ef þeir kjósa svo. Umhverfi skipstjórans er því vægast sagt gjörbreytt frá því sem var fyrir fáeinum áratugum.

marport.com



Óskum eigendum og starfsfólki  
G.Run til hamingju með nýja  
fiskuinnsluhúsið

FISKMARKAÐUR  
ÍSLANDS

## Útselum fjölga en land- selurinn í bráðri hættu

Hjá Hafrannsóknastofnunar liggja nú fyrir niðurstöður á stofnstærðarmati útsels sem gert var árið 2017. Þær sýna að dýrunum hafði fjölgað um 50% frá árinu 2012 en þá var stofninn síðast metinn. Útselir eru taldir hafa verið 6.300 dýr árið 2017 en við fyrstu talningu sem gerð var á útselum við landið árið 1982 var stofninn metinn 9.200 dýr.

Viðmiðunarmörk stjórnvalda um stærð útselastofnsins eru 4.100 dýr og samkvæmt upplýsingum Hafrannsóknastofnunar flokkast útselastofninn „í nokkurri hættu“ samkvæmt viðmiðum Alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna. Stofninn var árið 2012 talinn vera í hættu.

„Niðurstöður talninganna sýna að útselskæping náði hámarki á tímabilinu 2. október (Frameyjar í Breiðafirði) til 24. október (Strandir). Breiðafjörður var sem áður langmikilvægasta kæpingarsvæðið, en þar fæddust um 58% af heildarfjölda kópa haustið 2017.



■ Útselum fjölga á ný en aftur á móti er stofn landsels metinn í bráðri hættu.

Önnur mikilvæg kæpingarsvæði voru Strandir og Skagafjörður á Norðurlandi vestra, ásamt Surtsey og Örafum á Suðurlandi,“ segir í skýrslu Hafrannsóknastofnunar um stofnstærðarmat útselsins.

Lakari sögu er að segja af þróun landselsstofnsins. Landsel hefur fækkað um 77% frá upphafi mælinga árið 1980 og varð þriðjungs fækkun landsela á árabílinu 2011-2016. Enda er svo komið að landselsstofninn er metinn „í bráðri hættu“ á valista íslenskra spendýra.





Handlyftivagnar málaðir, galvaniseraðir og ryðfríir



Merlo skotbómulyftarar



John Deere dráttarvélar



Dulevo Sópar og skúringarvélar



Rafgeymar Sellur og hleðslutæki



Goupil rafmagnsbílar



**Íslyft ehf**

STEINBOCK ÞJÓNUSTAN EHF

Vesturvör 32 - 200 Kópavogur  
Sími 564 1600 - islyft@islyft.is



Simberg ehf.

# Stöðugar tækni- nýjungar frá Sim- rad og Kongsberg

## Tækin í brúnni

Simberg ehf. í Askalind 2 í Kópavogi sérhæfir sig í sölu og þjónustu á siglinga- og fiskileitartækjum, aðallega fyrir fiskiskip, og býður allt frá stökum tækjum upp í heildarlausn fyrir nýsmíði, ásamt endurbótum í eldri skipum. Fyrirtækið getur boðið allt í brúna; fiskileitar-, fjar-skipta-, leiðsögutæki og fleira, ásamt því að bjóða sjálfvirkibúnað í vélarrúm, t.d. vélstjórnun, skrúfustjórnun, orkustýringu og aðvörunkerfi. Hjá fyrirtækinu starfa fagmenn með langa reynslu af allhliða þjónustu á siglinga-, fjar-skipta- og fiskileitartækjum ásamt sjálfvirkibúnaði í vinnslu og vélarrúmi. Eigendur eru Valdimar Einisson framkvæmdastjóri og Þorsteinn Kristvinsson sölustjóri, ásamt mökum.

Simberg ehf. er með umboð fyrir Simrad Kongsberg og Kongsberg Automation hér á landi en einnig umboð fyrir Sperry Marine, t.d. radara, gýrkomþása, sjálfstýringar og plottera. Simberg selur einnig búnað frá Zodiac, Hytera og Peltor.

**Simrad leiðandi í tækninni**  
„Simrad fagnaði nýverið 70 ára afmæli og er leiðandi í heiminum þegar kemur að fiskileitartækjum. Við erum stöðugt að kynna nýjungar frá þeim og uppfærslur á tækninni,“ segja þeir Valdimar og Þorsteinn.

Sem dæmi um nýjungar í Simrad tækjum nefna þeir ES 80 dýptarmæli sem er háþróaður, með hárrí upplausn og mikilli nákvæmni til að miðla lífmassaupplýsingum, upplýsingum um botnhörku og fleira.

Fimm gerðir af sönurum eru í boði, þ.e. lágtíðnisónarar SX90, SU90, ST90 og háttíðnisónarar SN90 og CS90.

Nýtt forrit með breyttu viðmóti er að koma frá Simrad með verulega auknum hraða en hægt er m.a.



■ Valdimar Einisson og Þorsteinn Kristvinsson, eigendur Simberg ehf. Fyrirtækið sérhæfir sig í sölu siglinga- og fiskileitartækja.

að stærðgreina fisk í torfum, stjórna skala á fjarlægð og dýpi og með auðveldari hætti verður unnt að sjá fisk á grunnu vatni. Þá eru einnig að koma endurvarpar á tog- hlera frá Simrad sem auðvelda staðsetningu þeirra.

Fyrir flottrollsveiðarnar býður Simberg hinn margreynda FS70 höfuðlínusónar og nýja gerð af FM90 fjölgeisla trollsónar.

### Vélarrúmslausnir frá Kongsberg

Frá Kongsberg býður Simberg heildarlausn fyrir vélarrúm sem nefnist K-Chief 600 PMS sem felur m.a. í sér viðvörunkerfið EO/UMS sem vaktar og stjórnar vél-

búnaði skipsins, skrúfustjórnun, samkeyrslukerfi rafala, tankþælikerfi og dælustýringu, RSW stýringu og tengingu við framleiðslukerfi.

„Kongsberg hefur víðtæka reynslu og þekkingu á siglingatækjum, skrúfustjórnun og vélstjórnun sem hefur gert þeim kleift að hanna og setja saman einingar til að mæla afköst skipa, minnka eldsneytiseyðslu og minnka bilanatíðni með fyrirbyggjandi viðhaldi. Þá eru þeir einnig að koma með togvindur og autotroll, sem og aðrar vindur fyrir fiskiskip. Á því sviði býr Kongsberg einnig að mikilli reynslu.“

### Skjávægir í brúna

Með tilkomu flatskjáa og betri tækni af ýmsu tagi hafa skjávægir í brúm skipa tekið við af fjölda minni skjáa sem tóku mikið pláss og orku. Lausn Simberg byggist á 55“ skjám, eða öðrum skjástærðum ef vill, þar sem má raða saman að vild og kalla fram mismunandi myndir úr ólíkum tækjum. Öllu er svo stjórnað með einni mús. „Einnig erum við með rafdrifin púlt og stóla í brúna sem gera vinnuástöðu skipstjórnarmanna fyrsta flokks,“ segja Valdimar og Þorsteinn að lokum.

simberg.is

# Sögufraegt norskt skip í slippþjón- ustu á Íslandi

„Þetta glæsilega skip var smíðað sem fiskiskip. Þeir ætluðu að veiða á því sild, loðnu og annað slíkt. Það var nótagryfja aftur á skipinu, aðstaða og búnaður fyrir troll. Þeir voru með mjölvinnslu frammi í honum og kælitanka fyrir lýsi. Þegar til kom var svo ekki grundvöllur fyrir útgerðinni á þessum fiskitegundum og þá var skipinu breytt til veiða á sel og hval. Þeir voru um tíma á þeim veiðum en svo dró þar undan líka. Eftir það keypti norska ríkið bátinn og gerði út sem rannsóknarskip.“ Svo segir Ómar Erlingsson skipstjóri á norska rannsókn- og eftirlitsskipinu Lance, sem nú er í skveringu hjá Stálsmiðjunni í Reykjavík.

### Átök við ísinn á Norðurljónum

Skipið var smíðað árið 1978 og á sér merkilega sögu. Einkaaðilar sem keyptu skipið af norska ríkinu gerðu það út og leigðu til ýmissa rannsóknarverkefna. Með annars var farið í Norður-Íshafið þar sem skipið fraus inni í ísnum við rannsóknir. Það gekk ekki alveg eins og skylði því mikið rek var á ísnum. Árið eftir var aftur reynt og þá með risavöxnu ankeri til að halda skip-

inu föstu á sömu staðsetningu en sú tilraun endaði eins og sú fyrri.

„Báturinn hefur svo verið tvisvar á Norðurljónum á 0° og var þar inni í ísbreiðunni. Ísinn þrengdi svo að honum að hann lyftist upp um 1,80 metra. Þegar þeirri hæð var náð brotnaði ísinn niður aftur vegna þyngdarinnar. Þetta gerðist tvisvar sinnum. Það þarf þykkt og sterkt stál til að þola svona átök enda er það 36 millimetra þykkt í stefninu og 28 millimetrar í síðunum og bara 30 sentimetra bil milli banda,“ segir Ómar.

### Góð slippþjónusta á Íslandi

„Nú erum við að fara með bátinn í klössun í slippnum hérna í Rækjavík. Aðaleigandinn telur betra að fara með bátinn í slipp hér á Íslandi en í Noregi. Hér stendur allt eins og stafur á bók, hvort sem er hjá Stálsmiðjunni eða Skipasmíðastöð Njarðvíkur, en sömu söguna er ekki að segja um norsku slippina. Menn fá tilbod þar sem er svo klínt á þau í miklum mæli. Eigandinn hefur verið mjög ánægður með þá þjónustu sem hann fær hér á Íslandi.“

Ekki liggur alveg fyrir hvaða verkefni eru framundan. „Við komum seint hingað núna vegna þess að það gat verið að við færum í björgunarleiðangur norður fyrir Svalbarða. Það strandaði þar togari



■ Grindvíkingarnir Ómar Erlingsson og Brynjólfur Sigurðsson eru skipstjórar hjá norski rannsókn- og eftirlitsskipaútgærd.



■ Lance í Reykjavíkurhöfn. Skipið er sérstykt til að þola átök við ísinn á Norðurljónum og hefur ekki veitt af í þeim ævintýrum sem það hefur lent í þar norður frá.

sem reyna á að bjarga. Það er búið að dæla úr honum allri olíu. Síðan þarf að dæla úr vélarrúminu, en þar er um 30 sentimetra olíuborð ofan á vatninu og talað var um að dæla því hér um borð og vera með

kafara við það til að leita uppi leka og þetta skipið. Svo gæti verið kvikmyndaverkefni við Grænland í 10 til 14 daga eftir slipp og hugsanlega kortagerð við Svalbarða fljótlega,“ segir Ómar.

### Fjölbreytt verkefni

Skipið er einnig nýtt sem háskóla- skip við Svalbarða á sumrin. Þá er verið að taka botn- og jarðvegssýni og greina þau. Þetta eru um þriggja mánaða verkefni í senn. Þá eru nemendur og kennarar um borð. Hver nemandi er um borð í viku til 10 daga og skípt er um í Longyearbyen á Svalbarða.

Brynjólfur Sigurðsson er skipstjóri hjá sömu útgærd og brá sér með í þessa ferð til Íslands, en hann er síðan að fara á annað skip í sömu eigu til að þjónusta olíu- aðinn í Noregi. Þeir eru þá til reiðu ef leki kemur upp. Í slíkum tilvikum er lögð „girding“ utan um olíuflekinn og olíunni síðan dælt um borð í Lance.

Ómar er búinn að vera hjá þessu fyrirtæki frá 2010 og Brynjólfur frá 2012 en hann hefur verið í fragsiglinum inni á milli á milli. Báðir eru þeir Grindvíkingar.





# UMBÚÐIR & PÖKKUN ERU OKKAR FAG



## FERSKFISKKASSAR SEM ERU 100% ENDURVINNANLEGIR

CoolSeal kassinn er umhverfisvænn og því  
góður valkostur í stað frauðplastkassa



Gámakassi, vélreistur  
með styrkingu í hornum  
skýr og góð prentun.

Nýr flugkassi, tvöföld langhlið  
sem tryggir meiri styrk og  
betri einangrun.





# Sjaldgæfur lúxus

áhafnirnar á Sandfelli moka upp fiski á línuna

„Þetta gengur vel með samstilltum mannskap á sjó og í landi,“ segir Örn Rafnsson, skipstjóri á aflabátnum Sandfelli SU á Fáskrúðsfirði. Sandfellið landaði 2.400 tonn á síðasta fiskveiðiári og er komið í um þúsund tonn það sem af er þessu fiskveiðiári. Í janúar einum var aflinn 270 tonn.

„Okkur hefur gengið alveg ljómandi vel. Við erum með nægan kvóta og höfum fengið að vera nánast í frjálsum veiðum allt árið. Segja má að það sé sjaldgæfur lúxus í dag en við höfum haft nægan kvóta í þorski og ýsu og ekkert þurft að spá í kvótastöðu. Svo kom verkfallið 2017, sem stoppaði okk-



■ Áhöfn Arnar með eina af tertunum frá Loðnuvinnslunni. Auk Arnar skipa þessa áhöfn þeir Marsi, Alexander Vilhjálmsson og Röbert Gils Sigurðsson.



■ Áhafnirnar eru tvær. Í annarri eru tveir synir Arnar, Rafn skipstjóri og Þórarinn vélstjóri auk Ara Sveinssonar og Sveinbjörns Sæmundssonar.



■ Sandfellið er aflasælasti krókabáturinn í litla kerfinu.

Ljósmynd Jón Steinar Sæmundsson.

## Seldir með bátnum!

Örn Rafnsson er Reykvikingur að uppruna. Hann kom til Grindavíkur 16 ára á vertíð að hausti til. Hann byrjaði hjá Hópsnesi á Hópsnesi GK með Jens Óskarssyni skipstjóra. Hann var hjá þeim alveg til 1996 og var á Höfrungi II líka, sem þeir áttu þá, en Þórður Pálmason var skipstjóri þar. Þá fór hann tvö ár í land að vinna hjá sjálfum sér. Árið 1997 byrjaði hann hjá Stakkavík og árið 1998 tók hann við trillu hjá fyrirtækinu. Hann var hjá þeim til 2016, síðast með Óla á Stað GK sem var seldur austur á Fáskrúðfjörð og áhöfnin fylgdi með. „Segja má að áhafnirnar hafi verið seldar með,“ segir Örn.



■ Örn Rafnsson skipstjóri er ánægður með gang mála.

ur og þá var mikill kvóti færður á milli ára. Þess vegna þurfti að gefa svolítið í,“ segir Örn.

Afli Sandfellsins, sem er beitningarvélabátur í krókakerfinu, tæp 30 tonn að stærð, hefur farið jafnt og þétt vaxandi frá því það kom til Fáskrúðsfjarðar. Báturinn hét áður Óli á Stað og keypti Loðnuvinnslan hann frá Stakkavík í Grindavík fyrir um þremur árum. Áhöfnin fylgdi með.

„Þetta hefur gengið alveg svaka-

lega vel. Tíðin hefur verið góð. Við höfum getað róid nánast alla daga og fiskirí verið mikið og stöðugt,“ segir Örn.

### Tvær áhafnir á bátnum

„Tvær áhafnir eru á bátnum og við erum fjórir í hvorri áhöfn. Við skiptum þessu niður á hálfan mánuði á sjó og hálfan í landi. Alltaf skipt á fimmtudögum. Þegar gefur á sjó er landað á hverjum degi og er róðurinn um það bil einn sólar-

hringur, 18 til 24 tímar en ræðst þá af því hve löng sigling er á miðin. Þegar það er veður er bara landað og farið út strax aftur. Yfirleitt er farið út svona sjó til 10 á kvöldin, stundum fyrr á sumrin. Eftir löndun er keyrt á miðin og byrjað að leggja og að því loknu er yfirleitt tekin bauja, frá tveimur upp í fimm til sex tíma yfir hánóttina. Við byrjum svo að draga á morgnana og erum um átta tíma að því en tvo og hálfan til þrjá tíma að leggja. Fiskurinn er blöðgaður í kór með ískrapa til hámarka gæðin. Svo er bara farið í land til að landa og út strax aftur ef það er veður.

Báðar áhafnirnar vinna mjög vel saman. Það er alltaf séð til þess að allt sé í lagi þegar hin áhöfnin kemur. Það sé ekkert bilerið eða vesen sem menn þurfi að byrja að fást við þegar þeir mæta um borð. Við höldum alveg til um borð, líka í brælum. Þar er góð aðstaða fyrir okkur. Hver maður með sinn klefa, setustofu og eldunarstöðu og okkur líkar þetta bara betur en að vera með íbúð í landi. Þetta skiptikerfi er líka að koma mjög vel út. Menn gefa sig að þessu í 15 daga á fullu vitandi að þeir eru að fara í 15 daga frí og koma svo úthvíldir aftur í næstu törn,“ segir Örn.

### 19.000 krókar lagðir í hverjum róðri

Báturinn er með beitningarvél og er með 19 rekka sem eru um 2,80 metrar að lengd. Um 1.100 krókar eru á hverjum rekka. Þetta eru því

um 19.000 krókar sem lagðir eru í hverjum róðri.

„Með góðu móti getum við tekið 16 til 18 tonn í kórnum í róðri. Það hefur aldrei komið fyrir að við höfum ekki getað klárað að draga en við höfum sett mest um 23 tonn í bátinn. Það var þá eftir tvær lagnir. Við tókum þá helgi að sumri til og drógum tvisvar í sama róðrinum. Við erum ekki alltaf að gera góða túra þó vel gangi. Það var afsþyrnu lélegt hérna í febrúar í fyrra þegar loðnan gekk yfir fyrir austan og stóð lengi. Við fórum því vestur að Reykjanesi í byrjun mars í fyrra og rérum frá Grindavík fram í byrjun maí. Þá færðum við okkur aftur austur. Við erum nánast eingöngu fyrir austan, frá Stokksnesi og norður að Langanesi. Það er okkar veiðisvæði að öllu jöfnu. Stímið er allt frá því að vera klukkutími upp í sex klukkutíma ef róid er langt út í kanta eða langt norður eftir.“

### Góð fiskigengd fyrir austan

Örn segir að almennt séð hafi fiskigengdin verið góð fyrir austan allt árið, bæði úti í köntunum og á grunnunum. Því hafi gengið vel að fiska á allri slóðinni en hvort þetta sé meira fiskirí eða minna en áður fyrr viti hann ekki. Hann sé tiltölulega nýlega byrjaður að róa á svæðinu. Töluvert af beitningarvélabátum rær fyrir austan hluta af árinu, bæði heima- og aðkomubátar. Þeir halda sig þá fyrir austan frá vori og fram undir áramót eða lengur en færa sig vestur yfir veturinn.

Loðnuvinnslan á Fáskrúðsfirði vinnur allan þorskind en ýsan fer á markað, sem og steinbítur og annað sem slæðist með. Fiskurinn er unninn ferskur til útflutnings og fer að mestu leyti utan með Norrænu og Eimskip í gámum og bílum.

### Afsþyrnulélegt fiskverð í sumar

Þeir á Sandfellinu fá borgað fyrir fiskinn sem fer til vinnslu samkvæmt svokölluðu Verðlagsstofuverði, sem er lágmarksverð í beinum viðskiptum með fisk til vinnslu. Annars fer fiskur á markað og greitt fyrir hann miðað við það. Örn segir að fiskverðið hafi verið afsþyrnu lélegt í sumar en hafi þó farið nokkuð hækkandi í haust. Það vanti samt á verðið í viðbót svo það sé ásættanlegt, en það sé enn á uppleið. Hann segir þó að búast megi við því þegar kemur fram á vertíðina að verðið lækki



**Þjónustum flesta gerðir af siglinga- og fjarskiptatækjum sem og annan rafeindabúnað í skipum.**

**Við sérhæfum okkur í línustjórnunarbúnaði eins og *LineTec* og *Capt.Hook*.**

<p><b>Jonni</b> Sími: 859-8832 Email: Jonni@skiparadio.com</p>	<p><b>Jói</b> Sími: 853-8832 Email: Joi@skiparadio.com</p>	<p><b>Marargata 2</b> 240 Grindavík www.Skiparadio.com</p>
--	--	--



eitthvað eins og alltaf þegar vertíð-  
arfiskurinn frá Noregi flæðir inn á  
markaðina í Evrópu.

### Líkar vel að róa fyrir Loðnuvinnsluna

„Okkur líkar mjög vel að róa fyrir  
Loðnuvinnsluna á Fáskrúðsfirði.  
Þetta eru frábærir karlar og frábær  
útgerðarstjóri sem stendur mjög  
þétt með okkur. Okkur er vel sinnt



■ Á 12 mánaða tímabili jukust  
verðmæti únnins fisks í  
útflutningi, sem er í daglegu  
tali gjarnan kallaður gáma-  
fiskur, um 27%.

## Útflutn- ingur á óunnum fiski eykst

Hlutfall útflutts fisk sem  
fer óunninn utan í gámum  
hefur farið hækkandi  
undanfarna mánuði en þá  
er miðað við heildarverð-  
mæti landaðs fiskafla.  
Samkvæmt upplýsingum  
frá Hagstofu Íslands jókst  
þetta hlutfall um 71,3% í  
október síðastliðnum en  
þann mánuðinn fór  
útflutningsverðmæti  
gámafisksins í 818  
milljónir króna. Í sama  
mánuði árið 2017 var  
verðmæti þessa útflutn-  
ings 478 milljónir króna.

Ef litið er á síðustu 12  
mánuði frá október síðastlið-  
num aftur í tímann var verð-  
mæti gámafisksins 5,5 millj-  
arðar króna og jókst um 27%  
miðað við 12 mánaða tímabil  
þar á undan.

### Verðmætaaukning í flestum flokkum

Sé litið á aðra ráðstöfun aflans  
var verðmæti fisks landaðs til  
eigin vinnslu 6,4 milljarðar í  
október síðastliðnum, sem er  
það sama og í sama mánuði  
árið áður. Þegar litið er á 12  
mánaða tímabilið frá október  
og til baka, er verðmæti afla til  
eigin vinnslu 70 milljarðar  
sem er 18% vöxtur. Tímabilin  
eru þó ekki að fullu saman-  
burðarhæf vegna verkfalls sjó-  
manna 2017. Það á sömuleið-  
is við um aðra ráðstöfun land-  
aðs afla.

Verðmæti sjófrysts fisks  
heldur sínu og gott betur þrátt  
fyrir að í þeim flokki fiski-  
skipa hafi orðið fækkun.  
Þannig námu verðmæti afla  
frystiskipa í október 2,9 millj-  
örðum króna, sem var vöxtur  
um 15%. Á 12 mánaða tíma-  
bili var verðmætið rétt tæplega  
30 milljarðar króna, sem er  
nánast óbreytt frá næsta tíma-  
bili þar á undan.

Verðmæti landaðs fisk á  
markaði til vinnslu innanlands  
var í október 1,9 milljarðar  
króna, sem er vöxtur um  
17%. Ástæðan er bæði herra  
fiskveið og meira magn.



■ Kjartan Reynisson, útgerðarstjóri Loðnuvinnslunnar, afhendir Erni Rafnssyni, skipstjóra, tertu í tilefni 2.400  
tonna afla

og báturinn stendur sig vel enda er  
Loðnuvinnslan búin að gera margt  
gott fyrir hann síðan þeir keyptu  
hann. Hann hefur verið tekinn  
reglulega í slipp og þar hefur ekk-  
ert verið til sparað til að gera bát-  
inn betri.

Við erum einnig með mjög  
góða beitu, sem er norsk-íslensk  
síld, sem þeir veiða og frysta sjálfir.  
Í haust sóttu þeir síld í Seyðisfjarð-  
ardýpið og voru ekki nema þrjá  
tíma með hana í land og beint í  
frystingu. Ferskari og betri beitu er  
varla hægt að fá. Hún hefur komið  
mjög vel út hjá okkur og það er að  
skila sér í auknum afla. Við erum  
því nánast eingöngu með „dræ“  
síld í beitu,“ segir Örn Rafnsson.

WENCON®

## WENCON verndandi viðgerðarefni - Lengir líftímann




**Neyðar- eða  
skammtímalausnir**



**Viðgerðir og  
viðhald um borð**



**Lausnir fyrir verkstæði  
eða slipp**



Erum fluttir og höfum opnað á Vesturhrauni 1, Garðabæ.

Þjóðum viðskiptavini velkomna á nýja staðinn.

FRAMTAK  
**BLOSSI ehf**

Vesturhrauni 1 - 210 Garðabæ  
www.blossi.is - blossi@blossi.is



Egersund Ísland á Eskifirði

# Þvotta- og litunarstöð fyrir sjókvíapoka í byggingu

„Okkar sérhæfing er fyrst og fremst í þjónustu við upp-sjavarveiðar, bæði uppsetningar á nýjum veiðarfærum og viðhaldi eftir því sem á þarf að halda. Hér framleiðum við flottroll fyrir kolmunna-, síldar-, makríl- og loðnuveiðar auk þess að setja upp flottrollspoka. Þessa dagana er talsvert að gera í því fyrir komandi kolmunnavertíð en á Rocall-svæðinu þarf mjög sterka poka. Viðhald á nótum er einnig talsverður hluti okkar verkefna og því segir sig sjálft að það kemur verulega við okkur ef brestur verður í loðnuveiðum eins og stefnt hefur í að verði þetta árið,“ segir Stefán B. Ingvarsson, framkvæmdastjóri hjá Egersund Ísland á Eskifirði.

Fyrirtækið er hluti af Egersund Group A/S í Noregi og hefur yfir að ráða 3.200 fermetra húsi fyrir sína starfsemi við höfnina á Eskifirði en þar er bæði góð aðstaða til veiðarfæravinnu og svokallað nótahótel til geymslu á nótum innandyrna. Framkvæmdir standa nú yfir hjá Egersund Ísland við byggingu þvotta- og litunarstöðvar fyrir poka í eldiskvíum og eru þær liður í frekari eflingu fyrirtækisins í þjónustu við fiskeldi.

## Hátt í 300 milljóna króna framkvæmdir

Þegar búið er að slátra fiski úr eldiskví er hún tekin á land og þá þarf



■ Stefán B. Ingvarsson, framkvæmdastjóri Egersund Ísland.

að þvo pokann og meðhöndla. Þetta er sú þjónusta sem Egersund Ísland er að koma upp en pokarnir verða þvegnir og fara síðan í gegnum gæðaftirlit og viðgerðir ef á þarf að halda. Síðan í sérstakt sótt-hreinsi- og litunarefni sem meðal annars hefur þann tilgang að varna því að sjávargróður eins og t.d þari taki sér bólfestu í netinu. Egersund á Eskifirði er fyrsta fyrirtækið hér á landi til að bjóða fiskeldisfyrirtækjum þessa þjónustu.

„Framkvæmdirnar eru liður í því að breikka okkar þjónustusvið og fylgja eftir uppbyggingu í fiskeldi hér á landi. Í heild er um að ræða fjárfestingu hjá okkur fyrir 250-270 milljónir króna, stöð sem við byggjum með þvottastöðvar Egersund sem fyrirmynd en okkar

stöð verður sú fullkomnasta innan Egersund Group. Það byggist meðal annars á því að við erum með öflugan hreinsibúnað fyrir sjó sem notaður er í þvottinum og þannig er vökvinn sem fer til baka í sjó nánast drykkjarhæfur,“ segir Stefán en verður senn tilbúin og litunarstöðin tímanlega fyrir vorið.

„Við erum að efla okkur í þjónustu við fiskeldisfyrirtækin en við seljum að auki allan búnað sem fiskeldið þarf á að halda í samstarfi við systurfélag okkar AKVA group. Í raun allt annað en fiskinn sjálfan. Okkar von er að fá til okkar poka í meðhöndlun frá eldisfyrirtækjum víðar um land þannig að við erum ekki einvörðungu að horfa til Austfjarða í þessum efnun,“ segir Stefán.

## Stórt hús lykilatriði

Aðspurður um verkefni í veiðarfærþjónustunni segir Stefán það vera lykilatriði að vera með stórt hús og góða vinnuástöðu.

„Húsið hjá okkur er 130 metra langt og veitir ekki af þegar veiðarfærin eru stöðugt að stækka. Lengi vel vorum við með troll í kringum 2000 metra með 48 metra möskva. Síðan fóru menn að stækka möskvana upp í 64 metra og trollin upp í 2300 metra og á síðasta ári settum við upp troll fyrir Aðalstein Jónsson sem var 2700 metrar þannig að þróunin hefur mikið verið í þá átt að veiðarfærin stækki. En á sama tíma er líka verið að glíma við að létta veiðarfærin til að auðveldara sé að draga þau. Og þar



■ Netagerð Egersund er við höfnina á Eskifirði, vel búið hús með nótahótel.



■ Á vormánuðum áformar Egersund Ísland að hafa lokið framkvæmdum við þvotta- og litunarstöðina en framkvæmdirnar kosta hátt í 300 milljónir króna. Þær koma til með að stórauka möguleika í þjónustu við fiskeldisfyrirtækin.

kemur til framþróun á undanförunum árum í efnun til veiðarfæragerðar. En þróunin hefur líka verið mikil í skipunum; þau eru stærri og verða öflugri, betri tæknibúnaður er kominn til að stýra veiðarfærunum, léttari og betri toghlerar, betri spilbúnaður og þannig má áfram telja. Allt spilar þetta saman í eina heild,“ segir Stefán.

## Nætarnar geymdar við bestu aðstæður

Í nótahótelu Egersund Ísland á Eskifirði geyma útgerðir loðnu- og síldarnætur sínar við bestu aðstæður milli vertíða og geta gengið að þeim tilbúnum þegar á þarf að halda. „Í hefðbundnu árferði geta verkefni okkar við nætur verið frá

tveimur upp í fjóra mánuði, oftast þá á síðari hluta ársins. Eftir vertíð er farið yfir næturnar og skráð niður hvað þarf að gera, pantað inn efni erlendis frá ef þarf og síðan lögum við næturnar tímanlega fyrir vertíð. Þar af leiðandi eru það mjög slæmar fréttir fyrir okkur, líkt og fyrir útgerðirnar sjálfar, ef svo fer sem lítið hefur út fyrir að brestur verði í loðnuveiðum í ár. Við vonum í lengstu lög að líkt og síðustu ár verði loðna að einhverju marki veidanleg seint á vertíðinni. Mynstur loðnunnar er greinilega nokkuð frábrugðið því sem við höfum þekkt mörg undanfarin ár,“ segir Stefán.

# Hafrannsóknastofnun vill bregðast við vegna minnkandi humarafla

Hafrannsóknastofnun hefur lagt til humarafla í ár verði ekki meiri en 235 tonn svo fylgjast megi með stærðarsamsetningu og dreifingu stofnsins. Jafnframt leggur stofnunin til að allar humarveiðar verði bannaðar í Jökuldjúpi og Lónsdjúpi til verndar uppvaxandi humri. Til að minnka álag á humarslóð leggur Hafrannsóknastofnun einnig til að veiðar með fiskibotnvörpu verði bannaðar á afmörkuðum svæðum í Breiðamerkurdjúpi, Hornafjarðardjúpi og Lónsdjúpi.

## Aflamark ekki náðst síðustu ár

Afli tvöfaldaðist frá árinu 2004 til ársins 2010 þegar hann náði 2500 tonnum. Síðan hefur aflinn minnkað og var 728 tonn í fyrra og var það minnsti aflsiðan Íslendingar hófu veiðar árið 1957. Sókn í stofninn hefur verið nokkuð stöðug frá árinu 2009 en aflsiðan á sóknareiningu er nú í sögulegu lágmarki. Útgefið aflamark hefur ekki náðst síðustu tvö fiskveiðiar. Humar er alfarið veiddur í hum-




■ Gangi ráðleggingar Hafrannsóknastofnunar eftir verður humaraflinn í ár innan við þriðjungur af heildaraflanum í fyrra, sem þó var sá minnsti frá upphafi veiða hér við land fyrir 62 árum.

arvörpu. Miðað er við heilan humar upp úr sjó.

„Þéttleiki humarholna við Ísland (0.07 holur/m<sup>2</sup>) mælist nú með því lægsta sem þekkt meðal þeirra humarstofna sem Alþjóðahaf-rannsóknaráðið veitir ráðgjöf fyrir. Samkvæmt eldri stofnmatsaðferð (VPA), sem beitt var til mats á afrakstursetu humarstofnsins, er stofnstærð 2019

metin einungis um þriðjungur af gátmörkum (Bpa). Lengdarmælingar úr afla og stofnmælingum benda einnig til nýliðunarbrests á undanförunum árum. Veiðar á 235 tonnum árið 2019 ættu að gefa mynd af útbreiðslu og stærðarsamsetningu stofnsins. Hafrannsóknastofnun mun leita eftir auknu samstarfi við útgerðir um vöktun á humarstofninum, t.d.



■ Eins og sjá má hefur humaraflinn sveiflast verulega á þeim áratugum sem Íslendingar hafa stundað veiðarnar. Mest fór aflinn yfir 6.000 tonn en alla síðustu ár hefur leiðin legið niður á við.

með sýnatökum og skipulagi veiða.“

## Nýliðunarbrestur skýrir mikla meðalþyngd

Stofnmatíð í ár er byggt á stofnmælingu þar sem humarholur eru taldar með neðansjávarmyndavélum og er það í þriðja sinn sem slík stofnmæling er framkvæmd. Stofnmælingin er talin ná utan

um öll þau svæði þar sem humar finnst í veidanlegu magni. Meðalþyngd humra (130 g) er mikil í sögulegu samhengi og skýrist að mestu af þeim nýliðunarbrestum sem verið hefur í humarstofninum undanfarin ár og af því leiðir þessi aukna hlutdeild eldri humars í afla.



# Scanbas 365 brúarkerfi frá Scanmar



- 🌊 Nákvæmari og enn betri úrvinnsla gagna
- 🌊 Skýr og auðveld framsetning
- 🌊 Endalausir möguleikar á uppsetningu skjámynda
- 🌊 Hver notandi með sinn aðgang
- 🌊 Íslenskt viðmót



Sökk- og hæðarnemi



Hleranemi



Dýpis-, halla- og hitanemi



Aflanemi



Flæðinemi



Trollauga

Scanmar búnaður er þekktur fyrir áreiðanleika, endingu og lága bilanatiðni sem á sér ekki hliðstæðu.



## SCANMAR

[www.scanmar.is](http://www.scanmar.is)

Scanmar ehf. • Miðhraun 13 • 210 Garðabær • Sími: 551 3300 • GSM: 691 4005 • Netfang: [tm@scanmar.is](mailto:tm@scanmar.is)





---

Stofnað árið 1996

---



---


Marport er leiðandi fyrirtæki  
í hönnun og framleiðslu á  
veiðarfæranemum og er með  
starfsemi í fimm löndum

---





MARPORT  
CE  
EXPLORER



Pokasjain — *CE Explorer*,  
sýnir augskýnilega  
hvernig pokinn fyllist.



MARPORT

marport.com

533 3838



# Auto-troll ómissandi í nútíma fiskveiðum

## Tækin í brúnni

Marás ehf. hefur tekið við umboði hér á landi fyrir spænska vinduframleiðandann Ibercisa. „Með tilkomu þessa umboðs getum við boðið heildstæð stjórn- og vindu-kerfi hér á markaðnum en við höfum um árabíl selt „auto-troll“ vindustjórnbúnað frá Scantrol í Noregi, bæði í nýsmíðar í fiskiskipaflotanum og eldri fiskiskip,“ segir Þorkell Guðmundsson, sérferðingur í Scantrol búnaðinum hjá Marás.

Þorkell segir að auk söluumbods fyrir Ibercisa vindurnar muni Marás hér eftir annast alla viðhalds- og varahlutabjónustu fyrir þá fjölmörgu notendur Ibercisa sem eru í fiskiskipaflotanum. „Scantrol í Noregi hefur um árabíl unnið með Ibercisa og því búum við að mikilli reynslu í notkun þessara kerfa. Þetta eru hvort tveggja mjög þekkt merki og mikið ánægjuefni fyrir okkur að geta nú boðið heildstæðar lausnir á þessu sviði fyrir allar gerðir togskipa,“ segir Þorkell.

### Scantrol tengjanlegt við allar vindur

Vindustjórnbúnað frá Scantrol seg-




■ Togskip búið Ibercisa vindu-kerfi. Marás hefur nú tekið við um boði fyrir þetta merki hér á landi.

ir Þorkell hafa þann stóra kost að auðvelt sé að tengja hann mismunandi vindubúnaði, hvort heldur er um að ræða vökvaknúna háþrýsti- eða lágþrýstivindur eða rafmagnsvindur. Framleiðandinn leggi mikið upp úr að kerfið geti þannig nýst sem best, óháð því hvaða gerð af vindum skip eru búin.

„Scantrol á sér langa sögu og mörg íslensk skip eru með kerfið en ég hef einnig komið að uppsetningum á Scantrol-kerfinu erlendis, m.a. í stór stórum rússneskum vinnslutogurum sem fá viðhaldsbjónustu í Suður-Kóreu. Tengihæfni kerfisins og einfaldleikinn

eru stóru kostir Scantrol kerfisins. Svona „auto-troll“ kerfi hefur gjörbreytt vinnu skipstjórnenda. Áður fyrr köstuðu menn út trollinu og treystu á bremsurnar en núna er allt stillt inn í kerfið sem síðan sér um að halda veiðarfærinu nákvæmlega eins og beðið er um, gefa eftir og hífa inn eftir því sem átakið breytist. Og halda einnig rétttri stöðu í stjórn og bak til að veiðarfærið sé sem réttast eða þá að stilla kerfið inn á ákveðna skekkju ef þess gerist þörf og þá sér Scantrol um að halda henni.“



■ Skjámyndir úr Scantrol vindustjórnkerfinu gera notendum auðvelt að fylgjast með og stilla kerfið. Scantrol sér síðan um togið frá upphafi til enda.

### Scantrol sér um togið frá upphafi til enda

Grunnvirknin er sú að kerfið sér algjörlega um að halda trollinu sem allra mest opnu fyrir aftan skipið, sem að sjálfsgöðu er lykilaríði í því að ná árangri í veiðum.

„Þegar á að hífa er bara ýtt á einn takka á skjánum og hífir kerfið trollið inn sjálfkrafa og stoppar þar sem það tók við, þegar trollið var látið fara. Maðurinn í brúnni tekur þá við með fjarstýringunni og klárar ferlið þaðan. Svona vinnur þetta í grunninn; stjórnar öllu ferlinu frá því trollið er komið í sjóinn og þar til það er komið

upp að skipinu á ný,“ segir Þorkell.

Hann segir „auto-troll“ hafa gjörbreytt vinnu skipstjórnanna og ekki síður hlífi kerfið ýmsum búnaði, s.s. vindum og bremsum, að ónefndum veiðarfærunum sjálfum.

„Í dag reynir enginn að kasta veiðarfæri með gamla laginu eftir að hafa notað „auto-troll“. Þetta er ómissandi tæki í nútíma fiskveiðum,“ segir Þorkell.

maras.is

# Umhverfisáherslan skapar tækifæri í umbúðaframleiðslu

„Þjónustusvið Samhentra í sjávarútvegi er í dag mjög viðfeðmt og spannar allt frá umbúðum yfir í vélbúnað fyrir pökkun og frágang á framleiðsluvörum. Fyrst og fremst sérhæfum við okkur í umbúðum og veitum viðskiptavinum þjónustu í öllum greinum sjávarútvegs,“ segir Brynjar Viggósson, framkvæmdastjóri sölusviðs Samhentra. Hann kom til starfa hjá fyrirtækinu í september síðastliðnum eftir að hafa verið 18 ár í starfi hjá Eimskip bæði erlendis og á Íslandi og síðustu þrjú ár sem forstöðumaður söludeildar áætlanaflutninga. Brynjar starfaði áður hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna en hann er sjávarútvegsfræðingur frá Háskólanum á Akureyri og með MBA gráðu frá háskólanum í Haag í Hollandi.

### Umhverfisumræðan ýtir undir grósku og þróun

Brynjar segir umræðu og auknar áherslur á umhverfismál birtast í daglegu starfi Samhentra. Þær sjást í vali á hráefnum til um-



■ Brynjar Viggósson, framkvæmdastjóri sölusviðs Samhentra, með CoolSeal kassann sem er lausn fyrir útflutning á ferskum fiski. Kassinn er úr 100% endurvinnanlegu efni.

búðaframleiðslu og möguleikum til að endurvinna umbúðir. Einnig geti stjórnvaldsáðgerðir haft mikið að segja í umbúðaþróun almennt og nefnir hann bann við notkun einnota umbúða sem dæmi um slíkt.

„Heilt yfir þá er mikið að gerast í umbúðaframleiðslu, gróska og þróun. Það skapar okkur tækifæri til þróunar og aðlögunar í

takt við áherslur okkar viðskiptavina og þróun markaða. En því má heldur ekki gleyma að umbúðir gegna líka gríðarlega mikilvægu hlutverki í því að varðveita gæði afurða og að vinna á þann hátt gegn matarsóun. Okkar viðskiptavinir framleiða hágæðaafurðir og því er okkar hlutverk stórt í því að varðveita gæði vörunnar með góðum umbúðum og

vernda hana sem best fyrir því langa ferðalagi sem getur verið frá framleiðanda til neytanda. Í umbúðaframleiðslu þurfum við því að horfa til marga þátta í senn,“ segir Brynjar.

### Bjóða umhverfisvæna lausn í stað frauðplastkassanna

Dæmi eru um að fylki og borgir í Bandaríkjunum hafi bannað frauðplastumbúðir en þær hafa t.d. verið mikið notaðar í útflutning á ferskum fiski frá Íslandi. Þá eru dæmi um að verslanakeðjur í Evrópu, eins og t.d. E.Leclerc í Frakklandi, hafi gefið út að þær séu að hætta í frauði. Það er því raunverulega stutt í að þetta gerist, styttra en margan grunar.

„Við höfum verið að leggja áherslu á nýja lausn, CoolSeal kassann, í stað frauðplastsins, sem er kassi úr 100% endurvinnanlegu efni sem hægt er að nýta fyrir ferskan fisk. Þetta teljum við vera mjög góða lausn í staðinn fyrir frauðplastið og um þessar mundir eru útflytjendur hér á landi að vinna með okkur í þessari þróun og gera prófanir með kassann í sínum útflutningi. Við finnum að margir útflytjendur fylgjast grannt með þessari lausn,



sem er skiljanlegt þar sem viðskiptavinirnir erlendis verða sífellt áhugasamari um að umbúðirnar séu endurvinnanlegar. Þeir horfa í vaxandi mæli á alla þætti vörukaupanna, þ.e. gæði og framleiðslu vörunnar sjálfar, flutninginn og umbúðirnar. Sem dæmi þá er sparnaður í forflutningi með okkar kassa í kringum 70% það þýðir tugir milljóna fyrir meðalstóra framleiðendur. Reyndar tala menn um að eitt-hvað sé frítt í forflutningi en staðreyndin er hins vegar sú, eins og allir vita, að það er ekkert frítt í þessu, ekki frekar en frír málsverður. Síðan er þetta allt ein heild og hver hlekkur í henni þarf að vera sterkur. Við viljum því rækja okkar hlutverk á umbúðasviðinu sem best í þágu okkar viðskiptavina,“ segir Brynjar en auk lausna Samhentra á umbúðasviðinu rekur fyrirtækið dótturfélagið Vörumerkingu sem sérhæfir sig í framleiðslu límmita, stafrænni prentun, áprentuðum plastfilmum, állokum og álfilmum hvort sem heldur fyrir sjávarútveg og annan matvælaíðnað, sem og aðrar atvinnugreinar.

samhentir.is



Skipahönnun | Ráðgjöf | Eftirlit

navis



**Skipahönnun,**  
Nýsmíði og breytingar.

**Eftirlit og umsjón,**  
Með verkum, hvort sem það eru nýsmíði,  
breytingar eða viðgerði.

**Gerð verklýsinga og útboðsgagna,**  
Kostnaðaráætlunir og mat á tilboðum.

**Tjónaskoðanir og matsgerðir**  
Á skipum, vélum og farmi.

**Ráðgjöf um öryggisstjórnun og rekstur**  
Alhliða ráðgjöf um skiparekstur og skipa- og  
vélaverkfræði.

**Hleðslu- og stöðugleikahandbækur**  
Hallaprófanir og stöðugleikaútreikningar.

**Handbækur og áætlunir**  
Öryggishandbók  
SOPEP- Viðbragðsáætlun við olíuóhöppum.  
GMP-Áætlun í sorpmálum.  
SEEMP- Orkunýtingaráætlun skipa.

**Ýmsar úttektir**  
"Draft- og Bunker Survey". ástandsskoðanir  
við sölu eða leigu skips o.fl.

Hús Sjávarklasans Grandagarði 16 101 Reykjavík

sími: 544 2450 [navis@navis.is](mailto:navis@navis.is) [www.navis.is](http://www.navis.is)



Skinney-Pinganes á Hornafirði stendur í stórræðum

# Tvö skip í breytingum og tvö í smíðum

Mikið er um að vera hjá Skinney-Pinganesi ehf. á Hornafirði um þessar mundir. Félagið er með tvo togbáta í lengingu í Póllandi og tvö ný togskip eru í smíðum í Noregi. Auk þess er verið að taka í notkun nýja vinnslulínu fyrir ferskfisk í fiskvinnslunni á Hornafirði.

## Tveir lengdir í Póllandi

„Við erum að láta breyta togbátunum Skinney og Þóri í Póllandi. Þeir verða lengdir um 8,5 metra og er tilgangurinn fyrst og fremst að bæta meðferð á aflanum, bæði á bolfiski og humri. Settar verða upp nýjar vinnslulínur á millidekkið og í leiðinni eykst lestarplássíð gríðarlega. Við ætlum að ná verulega bættum árangri, sérstaklega í humrinum. Þessa báta á að afhenda 28. febrúar og 16. mars. Við vonumst þá til að komast beint á humarveidar. Þar er þó nokkur óvissa en veiðarnar gengu ekkert sérstaklega vel síðastliðið sumar,“ segir Ásgeir Gunnarsson, framkvæmdastjóri veiða og vinnslu hjá Skinney-Pinganesi.

## Nýsmíðar afhentar í lok árs

Skinney-Pinganes er að auki að láta smíða tvo nýja 29 metra langa og 12 metra breiða togbáta í Vard í Noregi. „Skrokarnir eru reyndar smíðaðir í stöð sem þeir eiga í Víetnam og voru fluttir þaðan með skipi um miðjan febrúar og verða kláraðir í Auka í Noregi. Þar verður sett vél í bátana og annar búnaður og þeir innreittaðir. Við eigum að fá þá afhenta í lok árs, í nóvember og desember. Þá verðum við komnir með þann flota sem við ætlum að gera út næstu árin á botnfiski og humri. Við stefnum því á að stýra þessum veiðum með fjórum togskipum næstu árin en nú gerum við út fimm togskip þannig að ætlunin er að selja þrjú af þessum gömlu, Hvanney, Pinganes og Steinunni.“

## Hugsað til langs tíma

Ásgeir segir að þetta sé umtalsverður „pakki“ og mikið að gerast á stuttum tíma. Það sé dýrt að smíða ný skip, sérstaklega þegar vel sé vandað til verks. Því miður hafi orðið töluverð seinkun á breytingu skipanna úti í Póllandi. Þau hafi átt að koma byrjun janúar og um miðjan mánuðinn.

„Það setur okkur aðeins í vandræði að fá þessa seinkun á okkur. Við verðum bara að vinna með því. Við erum ennþá með gömlu bátana í rekstri en þeir detta út einn af öðrum þegar líður á árið. Með þessu erum við að hugsa til langs tíma og að ekki þurfi að huga mikið að þessum flota næsta áratuginn eða svo.“

## Ný vinnslulína tekin í notkun í mars

Ásgeir segir að nokkrar breytingar séu að ganga yfir í sjávarútveginum. „Við finnum það að kvótar í mörgum tegundum sem eru okkur mikilvægir eru að minnka eins og í humri og síld. Kvótar bæði á íslensku síldinni og norsk-íslensku síldinni eru í lágmarki og humarveidar gengu illa í fyrra. Að öðrum kosti hefur gengið ágætlega.“

Við erum líka að byggja upp ferskfiskvinnslu hérna á Horna-



■ Ásgeir Gunnarsson framkvæmdastjóri veiða og vinnslu hjá Skinney-Pinganesi segir mikið undir hjá félaginu á stuttum tíma en þeir liti björtum augum til framtíðarinnar.



■ Skipasmíðastöðin í Víetnam.



■ Skinney og Þóri í smíðum í Víetnam. Skipin verða síðan flutt til Noregs og kláruð þar.



■ Teikning af Þóri eins og hann verður eftir breytingarnar.



■ Teikning af nýju skipunum tveimur sem nú eru í smíðum.

## Nýr gír og ný aðalvél eftir brunann í Frosta ÞH

„Við þorðum ekki taka neina áhættu heldur skipta líka um aðalvél í skipinu. Hún er væntanleg í apríl og ég vonast til að geta komist aftur til veiða í maí,“ segir Þorsteinn Harðarson, skipstjóri og útgerðarmaður togarans Frosta ÞH á Grenivík. Skipið stórskemmdist í eldi þegar það var að veiðum á Halamíðum þann 2. október síðastliðinn en eldur kviknaði í nýrri öxullegu í vélarrúmi. Giftusamlega tókst til með björgun áhafnar en eftir að búið var að ráða niðurlögum eldsins var skipið dregið til Hafnarfjarðar þar sem það hefur verið síðan í viðgerð.

## Nánast nýtt vélarrúm

Tólf manna áhöfn var á Frosta þegar eldurinn kom upp en hann var bundinn við vélarrúm skipsins. Skemmdir urðu þó einnig verulegar á rafmagnstöflum og lögnum í vakterbergi vélarrúms.

„Skemmdirnar eru á búnaði og rafögnum í vélarrúmi. Það þarf að setja nýjan gír í skipið og fyrst að á



■ Togarinn Frosta ÞH var tekinn í flotkví í Hafnarfjarðarhöfn nú í febrúar til öxuldráttar og viðgerðar á stýri. Þorsteinn Harðarson skipstjóri vonast eftir að í maí verði skipið tilbúið til veiða á ný með nýja aðalvél, gír og nánast nýtt vélarrúm.

annað borð þurfti að taka aðalvélin frá þá ákváðum við að skipta einnig um hana. Í heild má því segja að vélarrúmið verði að stórum hluta endurnýjað frá grunni,“ segir Þorsteinn en nú í

byrjun febrúar var skipið öxuldregið og lagfæringar gerðar á stýri en nýi gírin á að koma til landsins í byrjun mars.

„Við höfum ekki haft önnur úr-ræði meðan á viðgerðinni hefur

fríð. Erum að taka í notkun nýja línu frá Marel í mars. Það er þess vegna mikið undir hjá okkur á þessum tveimur árum, 2018 og 2019 en þegar þessar breytingar hafa gengið í gegn lítum við björtum augum til framtíðarinnar,“ segir Ásgeir.

Auk þessara skipa gerir Skinney-Pinganes út bátinn Vigur í litla kerfinu og uppsjárveiðiskipin Ásgrím Halldórsson og Jónu Eðvalds. Skinney-Pinganes rekur bolfisk-, humar-, uppsjárvinnslu og fiskmjólsverksmiðju á Hornafirði og ferskfiskvinnslu í Þorlákshöfn.

staðið en leigja frá okkur kvóta en flestir í áhöfninni hafa komist á sjó hjá öðrum fyrirtækjum meðan á stendur. Vonandi komumst við af stað á ný í maí,“ segir Þorsteinn. Á yfirstandandi fiskveiðiári hefur Frosta ÞH yfir að ráða 3.300 tonn-um í þorskgildum en auk botnfiskeiða hefur skipið verið gert út á rækju á sumrin.

## Ónotaleg tilfinning

Þorsteinn segir það ónotalega tilfinningu að upplifa eld í skipi úti á sjó en er þakklátur björgunaraðilum og því að ekki fór verr. Flytja þurfi vélstjóra togarans á sjúkrahús með annars stigs brunasár en að öðru leyti sluppu áhafnarmeðlimirnir slysalaus frá þessu atviki.

„Þegar þetta gerðist vorum við nýkomnir úr mánaðarlöngu stoppi þar sem skipt var m.a. um svokallaða burðarlegu á öxli sem knýr rafalinn. Eldurinn er talinn hafa kviknað í þessari legu en hvers vegna það gerðist er ógjörningur að segja til um þar sem þetta hvarf allt í eldi og hita,“ segir Þorsteinn.



# WiseFish fer víða um heim

„WiseFish annast utanumhald veiða, hversu miklu er landað og hvaða tegundum. Einnig nýtist forritið til að vakta framleiðsluferla. WiseFish tengist öðrum kerfum á gólfinu eins og Innova hugbúnaði frá Marel og má tengja kerfið við jaðartæki svo sem vogir og handtölvur.“ segir Jón Heiðar Pálsson, sviðsstjóri sölu- og markaðs- sviðs Wise.

## Verðmætar markaðsupplýsingar

Jón Heiðar bætir við að kerfið bjóði upp á mikla möguleika á að rekja feril afurða frá veiðum í gegnum vinnslu- og söluferli og alla leið til neytandans. Hann segir Wise vinna náið með Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi og hafi undanfarið unnið með þeim að verkefninu „Vitinn“ sem snýr að því að útbúa kerfi sem safnar gögnum um útflutning sjávarafurða á miðlægum stað. „Út frá þessum gögnum er mögulegt að vinna verðmætar tölfræðilegar markaðsupplýsingar sem gerir fyrirtækjum kleift að greina tækifæri á mörkuðum og fá meira fyrir afurðir sínar. Þessu til viðbótar eru teknar saman, í gagnagrunni, upplýsingar um

tolla- og markaðsaðgang íslenskra sjávarafurða á erlenda markaði.“

## Wise haslar sér völl í Suriname

Omicron, sjávarútvegsfyrirtæki í Suriname innleiddi WiseFish hugbúnað fyrir þremur árum. Innleiðingin var algjörlega framkvæmd í gegnum fjartengingu. „Með því að innleiða hugbúnaðinn án þess að þurfa að fara á staðinn sparast bæði tími og peningar fyrir okkur sem og viðskiptavininn,“ segir Jón Heiðar. Svo vel tókst til við innleiðingu og framkvæmd að annað fyrirtæki frá Suriname, Marisa Fisheries, er komið í viðskipti við WiseFish. Britney Kasmiran starfsmaður fyrirtækisins er stödd á Íslandi við meistaranám í sjávarútvegsfræðum frá HÍ og hefur kynnt sér WiseFish hugbúnaðinn vel og fer því með góða þekkingu til síns heima. „Marisa Fisheries er nú að reisa nýtt fiskidjuver í samvinnu við Suvvem NV en það verður um 2.500 m<sup>2</sup> að grunnfleti og mun vinna fisk af ýmsu tagi fyrir heima-markað en einnig til útflutnings, m.a. til Evrópu, Bandaríkja og Asíu,“ segir Britney.

## Ný uppfærsla fyrir Euro Baltic

WiseFish hugbúnaðurinn hefur

verið í þróun hér heima um áratuga skeið og seinni ár hefur hróður hans borist víða um heiminn. Sérfræðingar WiseFish hafa undanfarið 15 ár unnið náið með fyrirtækinu Euro Baltic í Þýskalandi að þróun og uppfærslu kerfisins. Euro Baltic er hluti af Parlevliet & Van der Plas Group (P&P Group) í Hollandi og er með stærri verkendum á síld við Eystrasaltið. „Í þessari uppfærslu verða allar tengingar við framleiðslukerfin skilvirkari og einfaldari og hún leysir af hólmi mikinn fjölda excel skjala sem notuð hafa verið til að halda utan um veiðar, löndun og sölu. Reynslan af notkun Wise Fish hjá Euro Baltic hefur skilað því að P&P Group hefur ákveðið að innleiða Wise Fish hjá fleiri dótturfélögum, m.a. hjá túnfisksútgerðinni CFTO í Frakklandi,“ segir Andrés Helgi Hallgrímsson, sölustjóri WiseFish. Uppstaðan í afla CFTO er túnfiskur. „Starfsmenn CFTO eru mjög spenntir fyrir því að fá í hendurnar eitt kerfi sem heldur utanum allan ferilinn frá veiðum til sölu. Þar með er hægt að rekja feril hráfnisins og fylgja eftir þeim gæðakröfum sem kaupendur gera,“ bætir hann við.

## Náið samstarf með Cargill

Um þessar mundir er starfsfólk



■ Jón Heiðar Pálsson, sviðsstjóri sölu- og markaðs- sviðs Wise og Britney Kasmiran, starfsmaður Marisa Fisheries í Suriname, sem er stödd á Íslandi við meistaranám í sjávarútvegsfræðum frá HÍ.

Wise að vinna að mjög spennandi þróunarverkefni fyrir alþjóðlega fyrirtækið Cargill í samstarfi við sænska hugbúnaðarfyrirtækið HiQ. „Í verkefninu sér Wise um að hanna vöruhús gagna (data warehouse), Tabular teninga og ýmsar þjónustur (API) í skýinu. Markmiðið er að taka saman upplýsingar frá fiskeldisstöðvum um allan heim til að geta borið saman vöxt, fíðurnýtingu, áhrif sjúkdóma o.fl. á milli svæða og landa,“ segir Stefán Torfi Höskuldsson, sviðsstjóri rekstrar- og tæknisviðs. Viðskiptavinum Cargill er síðan veittur aðgangur að þessum þjónustum eða greiningum í gegnum vefsíðu

sem heitir SeaCloud. Cargill er eitt stærsta fyrirtæki í heimi í einkaeigu með yfir 150.000 starfsmenn og veltu yfir 14 þúsund milljarða.

„Með tilkomu Azure skýjalausna frá Microsoft, og stöðluðum lausnum, má segja að okkar markaðssvæði hafi þanist út, við erum nú þegar með 75% af íslensku aflamarki í WiseFish og Wise sækir nú markvist á alþjóðamarkaði. Nú er mun fljótlegri og hagkvæmari að innleiða okkar hugbúnað og lausnir eins og t.d. WiseFish og WiseAnalyzer hvar sem er í heiminum,“ segir Jón Heiðar

wise.is

# Fiskiker sem treystandi er á!

Í tæp 40 ár hefur Borgarplast framleitt endingargóð fiskiker sem standast kröfur íslensks sjávarútvegs.



## Frauðkassar

Borgarplast framleiðir frauðkassa fyrir útflutning á ferskum fiskafurðum.



Vottað gæðakerfi síðan síðan 1993



Vottað umhverfisstjórnunar- kerfi síðan 1999



Framúrskarandi fyrirtæki

**BORGARPLAST**  
www.borgarplast.is

Völuteigur 31 • 270 Mosfellsbæ • Sími 561 2211 • borgarplast@borgarplast.is



[www.icelandfishexpo.is](http://www.icelandfishexpo.is)



# *SJÁVARÚTVEGUR 2019*

**Iceland Fishing Expo/Sjávarútvegur verður  
haldin daga 25.-27. september 2019  
í Laugardalshöll**

Frekari upplýsingar og þáttökuskráning:  
olafur@ritsyn.is. Sími 698 8150.  
inga@ritform.is (áður Athygli). Sími 898 8022.

Glæsileg sýning bæði á inni- og útisvæði



**ICELAND FISHING EXPO**  
Sjávarútvegur 2019

Laugardalshöll | Reykjavík

25.-27. september 2019



# Minna flutt utan frá Færeyjum

## Sjávárútvegur í Færeyjum

Talsverður samdráttur varð í útflutningi sjávarafurða frá Færeyjum fyrstu 11 mánuði síðasta árs miðað við sama tíma árið áður. Útflutningsverðmætið var á þessu tímabili á síðasta ári 13% lægra en árið áður og magnið dróst saman milli samanburðartímabila um 9%.

Samdrátturinn var mestur í útflutningi á laxi og uppsjávafiski. Verðmæti útfluttra afurða úr síld og makríl minnkaði um 10,6 milljarða og í eldisfiskinum var sam-

drátturinn um 11 milljarðar íslenskra króna.

Á hinn bóginn hefur útflutningur á afurðum úr þorski og ýsu vaxið en dregist saman í ufsa.

Heildarverðmæti útflutningsins á umræddu tímabili nam tæplega 123 milljörðum íslenskra króna og skilaði laxeldið þar af 55 milljörðum þrátt fyrir samdrátt um 17%.

Verðmæti útfluttra afurða úr þorski, ufsa og ýsu var 22,5 millj-



■ Samdráttur varð á fyrstu 11 mánuðum liðins árs í útflutningi uppsjávafurða Færeyinga, hvort heldur litið er til magns eða verðmæta.

arðar, sem var 12% vöxtur og uppsjávafiskurinn skilaði örlitlu minna. Samdrátturinn í uppsjávafiski nam 33%.

Útfluttar afurðir Færeyinga námu á umræddu 11 mánaða tímabili alls 417.000 tonn. Mesta var flutt út af uppsjávafiskafurðum, eða 173.000 tonn, þrátt fyrir samdrátt um 45.000 tonn. Af laxaafurðum fóru utan 52.000 tonn er sem samdráttur um 10%. Þá fóru utan 39.000 tonn af þorski-, ýsu- og ufsaafurðum, sem er vöxtur um 3%.



■ Soph-Ash-Jay 3 er fjórði báturinn sem útgerðin í Burnmouth í Skotlandi kaupir af Bátasmiðjunni Trefjum í Hafnarfirði og kemur í stað Cleopatra 38 frá árinu 2008.

## Bátasmiðjan Trefjar afhendir bát til gildruveiða

Bátasmiðjan Trefjar í Hafnarfirði afhenti fyrir skemmstu nýjan Cleopatra 40 bát til Burnmouth á austurströnd Skotlands. Að útgerðinni stendur John Affleck sjómaður frá Burnmouth sem jafnframt er skipstjóri á bátnum. Báturinn er 15 brúttótonn og mun stunda gildruveiðar á humri og töskukrabba. Þetta er fjórði báturinn sem Trefjar smíða fyrir þessa skosku útgerð en báturinn mun leysa af hólmi eldri Cleopatra 38 bát frá 2008.

Aðalvél bátsins er af gerðinni FPT C13 650 hp tengd ZF 325IV gir.

Hann er búinn 17 kW rafstöð af gerðinni Scam/Kubota, siglingatækjum frá Simrad og Olex og MaxSEA skipstjórnartölvum. Hann einnig útbúinn með vökvadrifnum skut- og bógskrúfum sem tengdar eru sjálfstýringu bátsins. Í bátnum er andvælti-gýrókúla.

Báturinn er útbúinn til gildruveiða á humri og töskukrabba. Reiknað er með að báturinn muni draga 1000 gildrur á dag. Í fiskilest bátsins er sjálfvirk sjóúðunarkerfi til að halda humri lifandi um borð. Með þessu fyrirkomulagi fæst mun meira aflaverðmæti.

Rými er fyrir 17 stk 380 lítra kór í lest. Í vistarverum er, svefnpláss fyrir þrjá til fjóra auk eldunaraðstöðu með eldavél, örbylgjuofn og ísskáp.

Báturinn verður gerður út frá Burnmouth árið um kring og hefur hann þegar hafið veiðar.



# BLUE CLEAN







**Hjá okkur færðu allt fyrir háþrýstipvottinn**



*Made in Italy*

**6 Series All in ONE**

**65** 1954-2019  
**DYNJANDI**  
allt fyrir öryggið

Skeifunni 3h  
Sími: 588 5080 | dynjandi.is



# Ratsjain siglingataeki númer eitt

## Tækin í brúnni

„FAJ býður margs konar siglinga-, fiskileitar- og rafeindataeki sem gott skip þarf að búa yfir, raunar flestan þann tæknibúnað sem nauðsynlegur er fyrir brúna. Helsta merkið okkar í þessu er Simrad en sá framleiðandi er leiðandi í ratsjám, fiskileitartækjum og plotterum sem raunar má fremur kalla fjölnotataeki enda nýting þeirra og hæfni margvísleg,“ segir Ásgeir Örn Rúnarsson, sölustjóri hjá Friðrik A. Jónssyni ehf. í samtali við Sóknarfæri.

### Tækjabúnaðurinn þróast hratt

Simrad er með breiða línu ratsjáa, allt frá litlum breiðbandsratsjám sem er komið fyrir í lokuðum hatti á stýrishúsi báts eða í mastri til IMO samþykktu ratsjáa fyrir stærri skip. Þar er Argus ratsjain öflugust og fánleg bæði X band og S band en nýjar útgáfur af IMO vottuðu ratsjámum frá Simrad hafa núna viðmót sem er mun auðveldara að nota fyrir skipstjóra og stýrimenn.

„Nýjasta ratsjain frá Simrad er byggð á púls- og breiðbandstækni en hún gerir mönnum t.d. auðvelt að greina hvort skip er að nálgast eða fjarlægjast með rauðum eða grænum lit á skjá. Þessi ratsjá er

mjög einföld í notkun og geislun frá henni því sem næst engin eða svipuð og frá venjulegum farsíma,“ bætir Ásgeir Örn við.

Tækja- og hugbúnaður hefur þróast mjög hratt síðustu árin og þurfa starfsmenn FAJ sífellt að vera á tánum til að tileinka sér nýja tækni til að geta kynnt hana fyrir viðskiptavinum sínum. Við spyrjum Ásgeir Örn hvernig gangi að fylgjast með nýjungum og miðla þeim áfram til viðskiptavanna.

„Við förum mikið á sýningar og sjáum alltaf nýjungar og framþróun í tækninni sem kemur okkar viðskiptavinum til góða. Öll þessi stjórntæki í brúnni eru mikilvæg vegna veiðanna en ekki síður sem öryggisæki sem allt veltur á að skip og áhöfn komist í heila höfn. Mennt mega ekki gleyma því að ratsjain er og á að vera siglingataeki númer eitt,“ segir Ásgeir Örn.

### Sjókortin verða til jafnóðum

Simrad býður m.a. fjölnotataeki sem geta tekið upp eigin ferla og dýpistögn yfir siglingar sínar og vistað gögnin í gegnum veflæga þjónustu sem heitir Insight Genesis. Þannig er hægt að setja inn á netið ferla hvers og eins og í staðinn fæst kort sem sýnir dýptarprófla, ekki bara þar sem sjást grynningar og sker, heldur sést botnharkan líka, hvort sem um harðan eða mjúkan botn er að ræða.

„Þannig er dýptarupptöku- og siglingaferlinu steypt saman og úr verður sjókort með dýptarlínunum. Til viðbótar þá mun þessi tækni verða til notkunar í rauntíma. Þannig verður hægt að sjá sjókort



■ Ásgeir Örn Rúnarsson sölustjóri hjá FAJ: „Öll þessi stjórntæki brúnni eru mikilvæg og helsta merkið okkar þar er Simrad en sá framleiðandi sem er leiðandi í ratsjám, fiskileitartækjum og plotterum.“

með dýpislínunum verða til á skjánum á sama tíma og verið er að sigla. Verðmætar upplýsingar verða til með ýmsum hætti við fiskileit og mikilvægt er að safna sögunni saman og eiga hana til skoðunar seinna, ýmist til að auðvelda fiskileit, byggða á fyrri reynslu eða til að tryggja örugga siglingaleið í gegnum lítið þekkt svæði, svo dæmi séu tekin.“

### Áhersla á að hafa allt á íslensku

Í gegnum árin hafa starfsmenn FAJ lagt upp því að íslenska notendaviðmót tækja sinna til að auðvelda notkun þeirra. Þessari vinnu er haldið áfram með góðum stuðningi frá birgjum FAJ eins og Simrad, Lowrance, B&G og Olex.

„Þetta fyrirtæki hefur alltaf haft metnað til þess að auðvelda aðgengi manna að nýrri tækni og þess vegna er íslenskun alls kyns hugtaka mikilvæg. Við þurfum hins vegar að hafa okkur alla við í þessu því þróunin er gríðarlega hröð og ef við þælum of lengi í því hvernig best sé að útskýra virkni tækisins á íslensku er hætt við að ný tækni sé tekin við þegar þeirri vinnu lýkur!“ bætir Ásgeir Örn við.

Meðal þess búnaðar sem FAJ býður eru ískastarar frá Norslight.

Sá framleiðandi hefur í gegnum árin hannað kastara fyrir norskar aðstæður sem eru svipaðar og hér við land. „Við höfum selt mikið af ljóskösturum undanfarna áratugi og eigum yfirleitt alla varahluti á lager. Þessir kastarar eru úr seltuvörðu áli sem gerir þá mun léttari

en hefðbundnir stálkastarar. Norselight valdi einnig álið því það hefur betri kælingu en stál þannig að hiti á perunni er minni og endingartíminn þar af leiðandi lengri,“ segir Ásgeir Örn.

faj.is



■ Fiskileitartæki safna mikilvægum upplýsingum við fiskveiðar.



■ Þó mörgum þyki grásleppan ekki meðal fegurstu fiska þá gefa afurðir hennar ágætlega á aðra hönd, sér í lagi kaviarinn.

## Verðmæti grásleppuafurðanna aukast verulega

Samkvæmt yfirliti Landssambands smábátaeigenda, byggðu á bráðabirgdatölum Hagstofu Íslands, námu verðmæti grásleppuafurða á síðasta ári tæplega 2.160 milljónum króna og jukust um 370 milljónir króna milli ára. Verðmætasta afurðin var grásleppukavíar sem að stærstum hluta var seldur til Frakklands, þ.e. yfir 70% heildarmagnsins. Svíar voru stærstu kaupendur saltaðra hrogna og Kínverjar keyptu 91% af frystu grásleppunni.

Athyglisvert er að sjá þau verðmæti sem fryst grásleppa er þegar farin að skila en ekki er langt síðan byrjað var að hirða grásleppubúkana, frysta og flytja út. Árið 2017 skiluðu 2.392 tonn af frystri grásleppu 406 milljónum króna en í fyrra var magnið minna, eða 2.166 tonn en skilaði samt rúmlega 30% meiri verðmætum eða rúmlega 530 milljónum króna.

Í samantekt LS er bent á að kílóaverð í öllum afurðaflokkum grásleppu hafi hækkað milli ára, mest í frystu grásleppunni eða um 44%.

Sem fyrr segir keyptu Svíar mest af söltuðum hrognum, tæplega helming afurðanna en í heild námu verðmæti saltaðra hrogna 710 milljónum króna og jukust um 123 milljónir milli ára þó magnið hafi ekki aukist um nema 32 tonn. Söltuð hrogn námu í fyrra tæplega 497 tonnum.

Verðmætasta afurð grásleppunnar er kaviarinn sem skilaði 917 milljónum í fyrra. Framleidd voru 475 tonn af grásleppukavíar það árið en árið 2017 voru framleidd 522 tonn af grásleppukavíar sem skiluðu 795 milljónum króna.

	2018		2017	
	Magn	Verðmæti	Magn	Verðmæti
Grásleppukavíar	475,7	917,0	522,6	795,0
Söltuð hrogn	496,6	710,1	464,4	587,7
Fryst grásleppa	2.166,5	530,2	2.391,9	406,1



## Umbúðamiðlun ehf

s: 555 6677 [umb.is](http://umb.is)

Okkar umbúðir eru ætlaðar undir matvæli  
Vinsamlega skilið tónum umbúðum strax á næsta fiskmarkað





# Stólpi Gámar

## fyrir atvinnulífið



Stólpi Gámar bjóða gámalausnir fyrir atvinnulífið - til leigu eða sölu

- þurrgáma
- geymslugáma
- fleti og tankgáma
- hitastýrða gáma
- einangraða gáma
- gáma með hliðaropnun

Einnig gámahús og salernishús frá **Containex**, færanlega starfsmannaðstöðu frá **EuroWagon.dk**, gámar og vöruskemmur frá **BOS** og vörulyftur frá **ATN** og **Maber**



[www.stolpigamar.is](http://www.stolpigamar.is)

**Stólpi Gámar**

Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði | Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík



# Skila frá sér þekkingu úr löngum starfsferli

„Aðdragandinn að bókinni var sá að menn voru mikið að hringja í mig og Páll Gunnar til að spyrja ráða um niðursuðu af ýmsu tagi. Til þess að upplýsingarnar kæmst rétt til skila, töluðum við saman um það að best væri að skrifa bók um þessi mál áður en vinnuskyldunni lyki. Koma þeirri þekkingu frá okkur sem við erum búnir að afla okkur á löngum starfsferli. Úr því varð þessi bók og nú liggur hún fyrir á netinu, öllum opin til að lesa sér til um hvernig gera á hlutina. Vanti eitthvað frekar er hægt að hringja í mig, en Páll Gunnar er hættur að vinna,“ segir Einar Þór Lárusson, matvælafræðingur. Hann er annar höfundar rafrænnar bókar um lagmeti ásamt Páli Gunnari Pálssyni, fyrrum starfsmanni Matís.

Einar byrjaði í lagmetinu árið 1971 en árið 1973 fór hann í skóla til Noregs og var þar alls í 6 ár í námi og vinnu. Hann hefur síðan starfað við þróun á afurðum úr lagmeti, saltfiski, þurrkun og ferskum fiski og komið að ráðgjöf víða um heim.

„Okkar hugsun var sú að koma þessari þekkingu frá okkur, svo hún væri aðgengileg á einum stað. Það er óþarfi að finna upp hjólið aftur. Það er með þessa atvinnugrein eins og margar aðrar að vitn-



■ Páll Gunnar Pálsson og Einar Þór Lárusson höfundar nýrrar rafrænnar bókar um lagmetisvinnslu.



■ Lagmetisbókin er kærkomin þeim sem þá afurðaframleiðslu stunda.

eskjan er að tapast. Áður er Páll Gunnar meðal annars búinn að skrifa rafræna bók um saltfiskinn, sem ég aðstoðaði hann líka við, svo og bók um ferskfiskinn,“ segir Einar sem er enn í fullu starfi hjá Ora, Akraþing og Lýsi hf. við þróun afurða af fjölbreyttu tagi. „Og það er alveg nóg af verkefnum,“ segir hann.

#### Ekkert má fara úrskaiðis

„Við hjá Matís höfum lagt heilmikið að mörkum þegar kemur að menntun í matvælafræðum og

vinnslu afurða og nú birtist enn ein handbókin, að þessu sinni full af fróðleik um lagmetisvinnslu og lagmetisafurðir. Matís fjármagnaði gerð handbókarinnar með stuðningi frá AVS rannsóknasjóði í sjávarútvegi. Í þessu samhengi er rétt að benda á að Ora hf, Akraþing ehf. og Hraðfrystihúsið Gunnvör lögðu sitt að mörkum til að þess að handbókin nýttist sem best lagmetisfyrirtækjum,“ segir um bókina á heimasíðu Matís.

Lagmetisvörur eru að mörgu leyti tæknilega flóknar vörur og þarf því góðan skilning á mikilvægi vinnsluáttanna svo ekki skapist hætta fyrir neytendur. Til að ná þessu langa geymsluþoli lagmetisafurða má ekkert fara úrskaiðis, sem dæmi má nefna mikilvægi þátta eins og lokun dósa, suðuna sjálfa, hitastig og tíma, gerilsneyðingu, rotröfn og kælingu þegar það á við. Það má ekki gefa neinn afslátt í framleiðslu þessara afurða því lítil frávik geta haft mjög dramatískar afleiðingar.

Páll Gunnar Pálsson starfaði m.a. um árabíl sem gæða- og framleiðslustjóri í niðursuðuverksmiðju Norðurstjórnunnar í Hafnarfirði en þetta er sjöunda handbókin sem hann hefur tekið saman. Hægt er að nálgast þær allar endurgjaldslausi á heimasíðu Matís.

Fagleg ráðgjöf, sala og þjónusta  
Bjódum aðeins viðurkenndan búnað

## IBERCISA

DECK MACHINERY

• Togvindur

• Kapalvindur

• Netavindur

• Grandaravindur

• Aukavindur

SCANTROL iSYM skekkjustjórnun  
Autotroll með áherslu á trollið  
Fyrir allar togvindur

Marás ehf.  
Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ  
Sími: 555 6444 - postur@maras.is  
www.maras.is

Allt fyrir nýsmiðina  
Allt fyrir sjávarútveginn

FRÍÐRIK A. JÓNSSON ehf.  
Fagleg ráðgjöf, sala og þjónusta  
Bjódum aðeins viðurkenndan búnað

## SIMRAD

Siglinga- og fiskileitartæki

Sjálfstýringar

Kortaplotter

GPS/Gýró

Útistýri

Olex  
Prívíddar sjókartaplotter.

GLAMOX  
Ljósabúnaður fyrir skip.

ICOM SAILOR  
Fjarskiptabúnaður.

Radarskannar

Radarskjáir

Botnstykki

Dýptarmælir

Fríðrik A. Jónsson ehf.  
Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ  
Sími: 552 2111 - faj@faj.is  
www.faj.is

Siglinga-, fiskileita- og fjarskiptatæki



# Allt fyrir ferskleikann

60 x 40 kassalínan frá Tempru er hagkvæmari, sterkari og tryggir lengra geymsluþol





10, 13 og 15 kg línan er þannig hönnuð að hún viðheldur ferskleika matvöru lengur en sambærilegar umbúðir.

Kostir kassanna eru eftirtaldir:

- \* aukin lengd og rúmtak leiða til betri meðferðar á afurðum
- \* lengri fiskflök raðast betur innan kassa
- \* meira rými er fyrir ís eða kælimottur
- \* rúnnuð hornin auka einangrun og lengja geymsluþol
- \* breytt hönnun á hornum gerir kassana sterkari en áður
- \* stærð kassanna er 60 x 40 sm og staflast þeir betur á vörubrettin
- \* vegna aukins styrks er hægt að stafla í hærri stæður en áður
- \* betri einangrun næst með þéttari stöflun á bretti

Temprukassarnir sjá til þess að íslenskur fiskur kemst ferskari til neytenda um allan heim.



  
**TEMPRA**  
 einangrun - umbúðir



# Stefnt að smíði rafknúins línubáts á næsta ári

„Útgerðir hafa mikinn áhuga á verkefninu enda teljum við að ná mætti tuga prósentu samdrætti í útblæstri grunn-sjávarflotans með rafvæðingu bátanna. Með þessu gætum við stigið fyrsta skrefið í því að draga úr losun frá íslenska fiskiskipaflotanum,“ segir Bjarni Hjartarson hjá skipahönnunarfyrirtækinu Navis, en það hefur verið leiðandi hér á landi í hugmyndum um að rafmagnsvæða fiskiskip í íslenska flotanum. Navis hefur í sinni hugmyndavinnu miðað við línubát sem væri tæplega 15 metra langur og að hámarki 30 tonn að stærð. Styrkir hafa fengist í verkefni frá Tækniþróunarsjóði og frá sjóðum Evrópusambandsins en unnið er að frekari styrkumsóknum hjá Evrópusambandinu sem gætu ráðið miklu um hvort hægt verður að ráðast í smíði bátsins á næsta ári, líkt og Bjarni segir stefnt að.

## Alfarið knúinn innlendri orku

„Við höfum gengið út frá þessum 30 brúttótonna stærðarmörkum en höfum í þróunarvinnunni verið með ýmsar útfærslur á formi bátsins til skoðunar. Hugmyndin er að fyrsta útfærslan af svona rafmagnsknúnum bát yrði línubátur, smíðaður úr plasti, og hugsaður í dagróðra. Við sjáum fyrir okkur að þetta yrði grunnútgáfa báts sem svo væri hægt að útfæra fyrir ýmsar



■ Bjarni Hjartarson, hönnuður hjá Navis.

aðrar veiðar og einnig til hvalaskoðunar. Markmiðið er að þetta sé bátur sem yrði fyrst og fremst knúinn rafmagn en hefði hjálparvél fyrir lengri siglingar og ef á þyrfti að halda. Þessa hjálparvél vonumst við til að geta keyrt á innlendu eldsneyti, þ.e. annað hvort á metanóli eða lífdísel. Báturinn yrði



■ Navis teiknaði nýtt línuskip Vísir hf. í Grindavík sem nú er í smíðum í Póllandi.



■ Hugmynd Navis að 30 tonna rafknúnum línubát sem vonast er til að hægt verði að hefja smíði á á næsta ári.

hrindi smíði á svona skipi í framkvæmd. Við sjáum fyrir okkur að reynslu sem fengist af rafvæðingu í þessum flokki báta mætti svo nýta í framtíðinni til þróunar í rafvæðingu stærri fiskiskipa. Rafmagn mun líka verða valkostur í stærri fiskiskipum, á því er ekki vafi,“ segir Bjarni og segir aðspurður að ekkert liggi fyrir um hvar þessi rafknúni línubátur verði smíðaður.

„Hér er um að ræða plastbát og mögulegt að hann verði smíðaður hér á landi, enda næg þekking til staðar hér innanlands til að leysa þetta verkefni. Verkefnið er hins vegar ekki komið á það stig að ákvörðun um þetta atriði liggi fyrir.“

## Nýtt línuskip Vísir í smíðum

Fleiri línuskip eru og hafa verið á borðum hjá Navis að undanförmu. Fyrirtækið hannaði 45 metra langt og 10,5 metra breitt, þriggja þilfara línuskip fyrir Vísir hf. í Grindavík og er það nú í smíðum Alkor skipasmíðastöðinni í Gdynia í Póllandi.

„Þetta er fullbúið og vandað línuskip sem útfært er á nokkuð hefðbundinn hátt fyrir þennan veiðiskap. Öll vinnuaðstaða og aðbúnaður áhafnar er eins og best gerist í nýjum skipum,“ segir Bjarni en skipið er væntanlegt til heimahafnar í Grindavík síðar á árinu.

„Þó meginhluti hönnunarvinnunnar sé að baki þá eru alltaf atriði upp koma og sem leysa þarf samhliða smíðinni. Okkar hlutverki lýkur því ekki fyrr en skipið er afhent eigendum fullbúið,“ segir Bjarni.

navis.is

**THERMOLITE®**

**-40°C**  
[ON-TESTED]

**JÓN BERGSSON EHF.**

Kletthálsi 15 - 110 Reykjavík  
Sími 588 8886 - Fax 588 8944  
jon@jonbergsson.is - www.jonbergsson.is

**BEKINA**  
BOOTS BUILT TO LAST

því algjörlega knúinn umhverfisvænni og innlendri orku,“ segir Bjarni.

Navis hefur í hugmyndavinnunni átt í nánú samstarfi við línuútgerðir og hefur fyrirtækið Vísir hf. í Grindavík verið ráðgefandi um þarfir línuskipa, enda meðal reyndari línuútgerða hér á landi.

„Útgerðirnar eru áhugasamar um verkefnið en þetta er ný tækni og þar af leiðandi vilja útgerðirnar gjarnan fá einhvers konar stuðning til að ráðast í nýsköpun af þessu tagi. Þess vegna viljum við gjarnan ræða við stjórnvöld um aðkomu að verkefninu ef það gæti orðið til þess að útgerðir brjóti ísinn og





# VÖKUL AUGU Á SJÓNUM MEÐ FLIR

FLIR HITAMYNDAVÉLAR VEITA SKIPSTJÓRNARMÖNNUM SÝN Í NIÐAMYRKRI EÐA ÞEGAR SÓL BLINDAR.



FLIR HANDVÉLAR GEFA AUKNA SÝN Á BREYTINGUM Á VÉLBÚNAÐI, KÆLIBÚNAÐI, RAFKERFUM, GLUSSALÖGNUM.

MEÐ REGLUBUNÐNUM SKOÐUNUM ER HÆGT AÐ BREGDAST VIÐ ÁÐUR EN UPP KEMUR BILUNEÐA TJÓN.



...VIÐ MÆLUM MEÐ ÞVÍ BESTA






# Garmin gefur út ný sjókort af íslenska hafsvæðinu

Notendur Garmin tækjabúnaðar geta nú í marsmánuði fengið nýja útgáfu af sjókortum af íslenska hafsvæðinu. Í kjölfar kaupa Garmin á ítalska sjókortafyrirtækinu Navionics fyrir tveimur árum hefur staðið yfir vinna við uppfærslu á nýjum kortum fyrir öll hafsvæði heimsins og er íslenska hafsvæðið meðal þeirra fyrstu sem fá nýtt sjókort í kjölfar þessarar vinnu.

## Verulegur munur frá eldri sjókortum

„Nýju kortin heita BlueChart g3 og eru með mjög þéttum dýptarlínunum og meiri nákvæmni fyrir notendur hvað varðar botnupplýsingar og margt fleira. Notendur koma til með að sjá verulegan mun frá eldri sjókortunum,“ segir Ríkarður Sigmundsson hjá Garmin-búðinni, umboðsaðila Garmin á Íslandi. Hann segir að nýju kortin verði hægt að nota í rúmlega 10 ára gömlum tækjum frá Garmin en einfalt verður fyrir notendur að fara með minniskortin með kortunum úr eldri tækjunum í Garmin-búðina og kaupa uppfærslu. Með því að skila eldri kortunum inn fá viðskiptavinir nýju sjókortin á helmings afslætti. „Ef menn eru með eldri Garmin-tæki þá hvetjum við þá til að hafa samband við okkur og kanna hvort þau tæki eru samhæfð nýju kortunum en uppfærslan sjálf er mjög einföld,“ segir Ríkarður.



■ Nýju sjókortin frá Garmin gefa notendum nákvæmar upplýsingar um dýpi og botn. Íslenska hafsvæðið er meðal þeirra fyrstu í nýrri útgáfu. .



■ Með snjalltækjaforriti og WiFi samskiptatækni Garmin geta notendur fylgst með og stjórnað tækjunum hvar sem er í bátunum eða skipinu.

## Bátunum stjórnað með snjallsímanum!

Garmin býður fjölbætta tækjalínu fyrir skip og báta, m.a. dýptarmæla, plottera, sónar, ratsjár, sjálfstýringar, AIS og talstöðvar. Ríkarður segir tæknina í sífelldri þróun.

„Til dæmis hefur Garmin þróað WiFi-tengingarmöguleika fyrir sín tæki sem auðveldar notendum að tengja bæði snjallsíma og spjaldtölvur við tækin og sækja þannig uppfærslur á hugbúnaði tækjanna á einfaldan hátt. Með sama hætti getur notandinn nýtt sér þessa tengimöguleika til að vinna í símanum, afrita gögn eða náð t.d. í útgáfu af sjókortum fyrir símann eða

spjaldtölvuna og nýtt þau tæki til að skipuleggja siglinguna eða vinna með kortin. Þessi tækni býður einnig upp á að notandinn geti t.d. verið úti á dekki með snjallsímann og fylgst í gegnum hann með dýptarmælum, radar, stillt sjálfstýringuna eða stýrt öðrum þeim Garmin-tækjum sem eru í brúnni. Miðað við okkar reynslu í sportbátaheiminum þá spái ég því að þessi samnýting á snjalltækjum og Garmin-tækjunum muni vaxa í atvinnubátum,“ segir Ríkarður.

Meðal þess sem Garmin hefur þróað er sónartækni fyrir skip og báta og stefnuvirkir botnstykki sem gjarnan er þannig útfært að hægt er að snúa því og sjá til allra átta út frá bátunum. „Þetta nýtt til dæmis mjög vel á makrílveiðum. Þessa sónartækni Garmin getum við boðið á verði sem ég fullyrði að sést hvergi annars staðar,“ segir Ríkarður.

„Tækjalína Garmin er mjög vinsæl í minni bátunum en þetta eru líka tæki sem henta vel í stærri skipum, t.d. dýptarmælar, ratsjár og plotterar. Svo er búnaðurinn okkar vatnsheldur og það þykir mörgum vera mikið öryggi ef t.d. skip fá á sig brot og sjór slær tækjunum út í brúnni,“ segir Ríkarður.

[garmin.is](http://garmin.is)

## Óskum G.Run til hamingju með nýja fiskvinnsluhúsið



SÍMENNTUNARMIDSTÖÐIN  
Á VESTURLANDI

**V/S** Verkalýðsfélag  
Snæfellinga

Vélsmiðja Grundarfjarðar

APÓTEK  
VESTURLANDS

FISKMARKAÐUR  
SNÆFELLSBÆJAR



Grundarfjarðarbær





KONGSBERG




K-Chief 600 viðvörðunarkerfti

**SIMRAD**



Omni Höfuðlinusónar



Simrad Lágtíðni sónar

**Hytera**



Zodiac Seacom 200




Hytera MD 785

**NORTHROP GRUMMAN**

**Sperry Marine**



Sperry Marine



VisionMaster FT ratsjá



JRC JLN-652 Straummælir



JRC JMR-5400 Ratsjá



Navigat 100 gýrókompás



JRC JMR-5400 Ratsjá

Askalind 2  
201 Kópavogur

**Simberg**

Sími: 414-4414

www.simberg.is  
simberg@simberg.is





■ Guðmundur Hannesson, sölu- og markaðsstjóri Kælismiðjunnar Frosts.

# „Áhugi á íslenskri sjávarútvegstækni í Rússlandi er engin tilviljun“


segir Guðmundur Hannesson, sölu- og markaðsstjóri Kælismiðjunnar Frosts

„Við erum vanir því að vinna að stórum verkefnum víða um heim á sama tíma en vissulega eru ýmsar áskoranir þegar unnið er á jafn fjarlægju svæði frá Íslandi og Kúrileyja-klasinn er. Þarna erum við líka inni á hersvæði og það útheimtir talsvert meiri pappírsvinnu en við erum vanir í erlendum verkefnum en verkefnið hefur gengið þrýðilega og fer að stytta í ræsingu á verksmiðjunni,“ segir Guðmundur Hannesson, sölu- og markaðsstjóri Kælismiðjunnar Frosts en það fyrirtæki hefur á síðustu vikum unnið að verkefnum allt frá Grundarfirði til

Kúrileyja, ef svo má segja. Mikil verkefni eru framundan hjá fyrirtækinu, ekki síst í Rússlandi en einnig er nú komin í fullan gang ný uppsjávarverksmiðja á Suðurey í Færeyjum sem Frost vann að ásamt Skaganum 3X og Rafeyri ehf. Þar er á ferðinni afkastamesta uppsjávarverksmiðja heims.

## Myndarlega staðið að uppbyggingu G.Run

„Hér heima á Íslandi vorum við að ljúka kæli- og frystikerfi nýju fiskvinnslunnar hjá G.Run í Grundarfirði. Þar erum við með bæði lausfrysta, plötufrysta, frysti- og kæliklefa fyrir hráefni og afurðir, allt




lausnir áður en lagt er af stað í uppsetningu. Þrívíddarþróunin hefur á fáum árum náð miklum hraða og þá tækni nýtum við í öllum okkar verkefnum og höfum á að skipa mjög færum tæknimönnum sem vinna með þá tækni. Og jafnframt er það staðreynd að þrívíddarhönnun kerfanna hefur auðveldað okkur sókn og vinnu í verkefnum erlendis,“ segir Guðmundur.

## Stórt verkefni framundan á Dalvík

Önnur íslensk hátæknifiskvinnsla og raunar öllu stærri er í byggingu hjá Samherja hf. á Dalvík og segir Guðmundur að hjá Kælismiðjunni Frost sé þegar byrjað að forsmíða fyrstu hluta kæli- og frystikerfis í það hús. „Hönnun kerfisins í húsið á Dalvík er á lokastigi hjá okkur og við stefnum að því hefja uppsetningu á búnaði á vordögum. Nú þegar vinnslan í Grundarfirði er að baki verður kerfið í vinnslu á Dalvík langstærsta verkefni okkar hér á landi á komandi mánuðum,“ segir Guðmundur.

Í nútíma fiskvinnslum eins og í Grundarfirði, á Dalvík og víðar um landið er mikið lagt upp úr kælingarferlinu í heild enda segir Guðmundur það vera grunninn að því að hámarka bæði gæði og nýtingu sjávarafurða.

„Næsta skref hjá okkur er að horfa enn frekar til tæknilausna til að halda kæliferlinu órofnu alla leið í gegnum vinnslurnar. Þar koma margir þættir til sögunnar, svo sem kæling á vatni sem notað er í vinnslunni, t.d. á flökunarvélur og skurðarvélur, kæling á vinnslurými og fleira. Yfir sumartímann er vatnið í vinnslunni að jafnaði heitara en yfir vetrartímann en oftast höfum við möguleika í kælikerfunum sem fyrir eru til að kæla vinnsluvatnið niður áður en það fer í notkunarferilinn. Allt hefur



Tæknimenn Kælismiðjunnar Frosts teikna öll kerfi í þrívíddarforritum, sem mikið hagræði er að. Hér má sjá tvö dæmi af verkefnum fyrirtækisins; annars vegar kæli- og frystikerfi í uppsjávarverksmiðju Vardin Pelagic í Færeyjum, sem er sú afkastamesta í heimi, og hins vegar kæli- og frystivélarmið í frystitogara HB Granda hf. sem er í smíðum á Spáni.

það nýjasta sem þekktist á þessu sviði í dag. Þetta er verkefni sem unnið er af miklum myndarskap af hálfu eigenda G.Run. Og fyrir okkur sem sérhæft fyrirtæki í kæli- og frystibúnaði þá er mjög mikilvægt að fá að koma að svona uppbyggingu frá grunni og glænýjum

vinnsluhúsum. Þetta eru bæði krefjandi verkefni og spennandi en stóra breytingin í verkefnum sem þessum frá því sem áður var hjá okkur áður er að nú teiknum við öll kerfin upp í þrívíddarforritum og getum nákvæmlega séð alla virkni kælikerfanna og útfært

## Ryðfrítt smíðastál

Allt til smíða úr ryðfríu stáli:

- Rör
- Prófilrör
- Stangarstál
- Plötur
- Suðufittings
- Skrúfaður fittings
- Suðulamir
- Slípivörur



# METAL

Suðurhraun 12b 210 Garðabæ - Sími 545 4600



Þetta áhrif á gæði afurðanna, hvort heldur fiskurinn fer að lokum í ferskar afurðir eða frystar. Almennur skilningur og þekking á mikilvægi kælingar í fiskvinnslunni hefur aukist mjög mikið síðustu ár og enginn vafi á að hún skilar bæði betri nýtni, betri og verðmætari afurðum. Með kælingu eftir veiðar og í gegnum vinnsluna alla er ekkert síður lagður grunnur að gæðum frystra afurða en ferskra og við leggjum líka mikið upp úr að frystiklefar fyrir lokaafurðar séu vel hannaðir og vel búnir frystikerfum. Þó að við séum með frystiklefa með 25 gráðu frosti þá hefur það engu að síður áhrif á vörur ef t.d. frostið sveiflast niður um einhverjar gráður, jafnvel er nóg að sveiflan sé ekki nema 1,5 gráður til að hafa áhrif. Svona sveiflur hafa áhrif á sellurnar í fiskholdinu og þar með gæðin á vörunni þegar neytandinn þjófur fiskinn upp og setur á pönnuna,“ segir Guðmundur.

### Langur ferðatími til Kúrileya og mikil pappírsvinna

Verkefni á erlendri grundu eru, líkt og oft áður, kjölfestan í starfsemi Kælismiðjunnar Frosts á komandi mánuðum. Sum þeirra munu reyndar standa yfir næstu ár. Í fyrsta lagi er framundan uppsetning kæli- og frystikerfis í nýjan frystitogara sem HB Grandi er með í smíðum á Spáni sem Guðmundur reiknar með að hefjist af fullum krafti nú undir vorið. Síðan eru tvö stór verkefni í kæli- og frystikerfum í uppsjávarverksmiðjum á Kúrileyjum og á Kamtsjatka-skaga. Það fyrra er mjög langt komið en Skaginn 3X framleiðir vinnsluferfi beggja verksmiðjanna.

„Ég geri ráð fyrir að verksmiðjan á Kúrileyjum verði gangsett í maímánuði þannig að verkefnið er á seinni stigum af okkar hálfu. Verkefnið sem slíkt hefur gengið mjög vel enda mannskapur okkar orðinn gríðarlega vel þjáfaður í þessum stóru verksmiðjum. Fjarlægðin frá Íslandi er hins vegar mjög mikil og langur ferðatími starfsmanna, allt upp í 6 sólarhringa þegar veður hafa tafið fyrir okkur. Áskorunin í verkefninu hvað þetta varðar hefur því verið mjög mikil en líka hitt að verksmiðjan er á hersvæði sem þýðir að öll pappírsvinna í kringum komur og vinnu starfsmanna á svæðinu er til muna tímafrekari en í hefðbundnum erlendum verkefnum okkar. En í heild hefur þetta gengið ágætlega,“ segir Guðmundur.

### KNARR Maritime og KNARR RUS vel heppnað samstarf

Fimm íslensk tæknifyrirtæki, þar á meðal Kælismiðjan Frost, stofnuðu á sínum tíma Knarr á Íslandi og í Rússlandi til að efla sölu- og markaðsstarf þessara íslensku fyrirtækja. Guðmundur segir þetta skref hafa skilað miklum árangri.

„Það er skemmst frá því að segja að þetta verkefni hefur farið fram úr björtustu vonum um árangur og gríðarlega mikilvægt fyrir fyrirtæki sem eru að sækja inn á erlenda markaði að nýta sameiginlegt tengsla- og markaðsnet til að nálgast verkefnið. Það hefur alltaf verið kostur þegar viðskiptavinir geta sótt stærri og heildstæðari lausnir á einn stað og það getur Knarr. Það eru gríðarlega krefjandi en spennandi tímar framundan.“

### Rússar horfa af virðingu til Íslands

Næsta stórverkefni Frosts í Rússlandi er önnur uppsjávarverksmiðja sem sett verður upp á Kamtsjatka-skaga og vinna við



■ Á vormánuðum verður byrjað að ræsa vélar í uppsjávarverksmiðjunni á Kúrileyjum þar sem Kælismiðjan Frost annast allt kæli- og frystikerfi.

hana hefst á staðnum í byrjunsumars. Þangað segir Guðmundur að sé til muna styttri ferðatími og að því leyti einfaldara að senda mannskapinn frá Íslandi.

„Síðan höfum við samið um sölu á kæli- og frystibúnaði í 10 fullvinnslutogara sem skipahönnunarfirmatækið Nautic RUS hannar fyrir Norebo. Þar komum við til með að hafa eftirlit á staðnum með uppsetningu búnaðarins en smíði fyrsta skipsins er þegar hafin. Þess utan eru einnig möguleikar á fleiri skipaverkefnum í Rússlandi þannig að þar eru tækifæri fyrir hendi,“ segir Guðmundur sem hefur ferðast mikið um Rússland að undanförunu og rætt við menn í sjávarútvegi. Hann segir skýrt og greinilegt að þar sé horft til Íslands.

„Á því leikur enginn vafi. Það er

talað af mikilli virðingu um íslenskan sjávarútveg í Rússlandi og horft til okkar sem fremstu fiskveiðibjóðar í heimi hvað varðar nýtingu sjávarafurða. Það er óumdeilanlega mikil rós í hnappagat greinarinnar og tæknifyrirtækja í sjávarútvegi á Íslandi þegar svona stórþjóðir horfa til okkar lausna. Það er engin tilviljun að íslensk tæknifyrirtæki eru komin í þá stöðu sem raun ber vitni í Rússlandi. Þess vegna finnst mér sorgleg sú neikvæðni sem er út í greinina og kvótakerfið í umræðunni hér á landi því staðreyndin er sú að þetta kerfi hefur lagt grunninn að þeirri stöðu sem við höfum náð. Það skynja þessar öfluglu erlendu sjávarútvegsþjóðir á borð við Rússa,“ segir Guðmundur.





# HEYRÐU BETUR!

Við sérhæfum okkur í öryggisbúnaði m.a. heyrnarhlífum og samskiptabúnaði. Hugaðu að heyrninni, hún er mikilvæg! Hafðu samband. Við veitum þér faglega aðstoð.





# Fjölgeisla dýptarmælar og stærri skjáir framtíðin



Brú breytt á einfaldan hátt án mikilla framkvæmda, með Avitech skjáveggjastjórnun. Átta smærri skjám skipt út fyrir tvo 55" skjái með fullri stjórnun á öllum skjám í brúnni, bæði stærri og minni.

## Tækin í brúnni

Sónar ehf. er eitt af stærri fyrirtækjum á landinu í innflutningi og þjónustu á siglinga-, fjarskipta- og fiskileitartækjum fyrir skip og báta. Fyrirtækið flytur inn vörur frá heimsþekktum framleiðendum s.s. JRC, Sailor, Kaijo, SeapiX, Raymarine, Flir, ComNav, Wassp, SeaTel, Wesmar, Raytheon Anschutz, Tranberg o.fl. Framþróunin er ör að sögn Guðmundar Bragasonar, sölustjóra Sónar ehf.

### Nýr og öflugri fjölgeisla dýptarmælir.

„Það er töluverður áhugi á nýjum útgáfum fjölgeisla dýptarmæla sem við flytjum inn frá SeapiX og Wassp,“ segir Guðmundur.

„SeapiX kom á síðasta ári í enn öflugri 4KW útgáfu sem komið hefur afar vel út í botnfisktogurum, m.a. í Skotlandi og Kanada. Góður árangur í fiskgreiningu og fiskleit með notkun SeapiX í þessum togurum hefur vakið mikla athygli og skipstjórnendur tala um byltingu í fiskileitartækni.

SeapiX hefur áður sannað sig sem frábær fjölgeisla dýptarmælir fyrir uppsjávarskip enda sýnir hann 120° x 120° undir skipinu hverju sinni en það er svæði sem hefðbundir leitarsónarar hafa verið í vandræðum með að skoða. Skipstjórinn sér því í rauntíma þetta stóra svæði undir skipinu og getur m.a. fengið greiningu á fiskitorfum sem koma fram á því. Nú er SeapiX einnig fánlegur sem „forward looking“ fjölgeisla dýptarmælir eða „side looking“ fjölgeisla dýptarmælir og einnig sambland af öðru hvoru ásamt hefðbundna fjölgeisla

mælinum. Skipstjórnendur uppsjávarskipa tala um hversu vel SeapiX greini á milli makríls og síldar og að makríllinn sjáist mun betur en á hefðbundnum fiskileitartækjum. 4KW útgáfan gerir þeim kleift að nota SeapiX á enn meira dýpi og við fjölbreyttari veiðiskap.

Skipstjórnendur ísfisks- og frystitogara sem hafa prófað nýja 4KW SeapiX fjölgeisla dýptarmælinn segja bæði stærðargreining á löðningum og greining á hvaða fisktegundir sé um að ræða sé ótrúlega nákvæm og auðveldi þeim að stjórna veiðum og hámarka aflaverðmæti þar sem mismunandi verð er milli stærðarflokka. Einnig sé aðgreining fiskilöðninga við botn einstaklega góð og betri en þeir hafi áður séð. Eftir því sem notendum fjölger gera sífellt fleiri skipstjórnendur og útgerðarstjórar sér grein fyrir hveru öflug tæki fjölgeisla dýptarmælar eru við fiskleit og að greina fisktegundir og fiskstærðir,“ segir Guðmundur.


### Ný radarlína frá JRC

Guðmundur segir að ný „black box“ radarlína frá JRC hafi reynst frábærlega í þeim skipum þar sem þeir hafi verið settir upp, bæði hérlandis sem og í Noregi og öðrum löndum.


„JRC JMR-5400 línan er fánleg í X-band og S-band útgáfum og greinilegt að þessir nýju radarar munu halda merki JRC á lofti sem eins besta radarframleiðanda í heiminum í dag. JRC ratsjár eru þekktar fyrir mikil gæði og lítið viðhald, t.d. endast magnetrónur JRC radara mun lengur en hjá helstu keppinautum á markaðnum.“

### Nýir möguleikar í framsetningu tækja á stærri skjám

Sónar ehf. tók nýverið við umboði fyrir Pacific skjáveggjalausnir fyrir stærri skjái, sem fyrirtækið Avitech býður upp á. Guðmundur segir að með kerfinu sé hægt að tengja öll



■ Hægt er að fá SeapiX með niðurgeisla 120° x 120° eða fram/hliðar geisla 100° x 120° eða sambland af báðum.



■ SeapiX sönarmynd sem sýnir fisklöðningar í kringum skipið.

siglingatæki og tölvur inn á færri stóra skjái í skipum og setja upp mismunandi skjámyndir eftir því hvað skipstjóri vill sjá hverju sinni.

„Algeng uppsetning í millistór-um skipum eru allt að 20 inngangar sem eru settir fram á fjórum

50"-65" skjáum. Skipstjóri hefur þá einn minni vinnuskjá næri skipstjórastólum.

Við erum búnir að setja Pacific skjákerfið upp í talsverðum fjölda skipa, bæði nýsmíðum og eins þegar verið er að uppfæra skjálausnir í

eldri skipum. Viðbrögð skipstjórnenda hafa verið mjög góð enda mikill munur að geta haft þau tæki sem mest er verið að nota hverju sinni í stærra formati. Avitech hefur verið lengi í þessum bransa og sérstafan liggur ekki síst í hversu hagstæð verðin eru á þeirra skjáveggja-lausnum.“

### „Leggjum áherslu á þjónustuna“

„Við leggjum metnað okkar í að eiga og geta boðið öll þau siglinga- og fjarskiptatæki sem þarf til stjórnunar í skipum við Ísland. Íslenski fiskiskipafloinn er mjög framarlega þegar kemur að tækjavæðingu og við hjá Sónar getum boðið fjölbreyttar lausnir í siglinga- og fjarskiptatækjum, bæði í stærri nýsmíðaverkefni sem og meðalstóra og smærri báta. Við höfum alltaf lagt mikla áherslu á að þjónusta við tækin sem við seljum sé eins og best verði á kosið og finnum að það kunna notendur þeirra vel að meta,“ segir Guðmundur.

sonar.is



DUNDERDON

**Snickers**  
WORKWEAR

2018

Framúrskarandi  
fyrirtæki

2017

Framúrskarandi  
fyrirtæki

Nú fást

**Snickers**  
WORKWEAR

vinnuföt í

**BYKO**  
GERUM PETTA SAMAN

# Hágæða vinnuföt í miklu úrvali

Mikið úrval af öryggisvörum

uvex

MILLER

OTTER

TOE GUARD

★ SOLID GEAR

Honeywell

Hultafors

Sérmerkjum fyrir fyrirtæki

**HILTI**

Verkfæri og festingar



# „Tímabær breyting á samkeppnisumhverfi með umbúðir fyrir ferskan fisk“

ný og endurbætt verksmiðja í kjölfar samruna á umbúðamarkaði

Um síðastliðin áramót voru fyrirtækin Borgarplast hf. og Plastgerð Suðurnesja ehf. sameinuð undir merkjum hins fyrrnefnda. Síðar á árinu verður öll einangrunar- og umbúðaframleiðsla félagsins sameinuð í 4.500 m<sup>2</sup> framleiðsluhúsnæði á Ásbrú í Reykjanesbæ en hverfisteypuframleiðsla, söludeild og yfirstjórn verða áfram í Mosfellsbæ. Þessar breytingar eru gerðar í kjölfar eigendabreytinga á fyrirtækjunum og segir Haukur Skúlason, framkvæmdastjóri Borgarplasts, að markmiðið sé að styrkja þau til vaxtar bæði á innanlandsmarkaði sem og á erlendum mörkuðum og bæta getu Borgarplasts til að veita viðskiptavinum sínum áfram framúrskarandi vörur og þjónustu.



■ Haukur Skúlason, framkvæmdastjóri Borgarplasts.

**Samkeppnishæfari vörur**  
Haukur segir starfseminu byggja á áratuga langri sögu en Plastgerð Suðurnesja var stofnuð árið 1965 og Borgarplast árið 1971. Bæði framleiddu fyrirtækin einangrun og umbúðir fyrir útflutning á ferskum fiski en Borgarplast er einnig framleiðandi á hverfisteyptum plastvörum, fyrst og fremst á fiskikerjum, sem félagið selur jafnt innanlands sem og erlendis.

„Við munum sameina einangrunar- og umbúðaframleiðsluna snemma á þessu ári í stærra og endurnýjuðu húsnæði á Ásbrú í Reykjanesbæ, endurnýjum vélbúnaði og vöruframboð og ætlum okkur að efla okkar þjónustustig gagnvart sjávarútveginum. Útflutningur

á fersku sjávarfangi hefur farið vaxandi hér á landi undanfarin ár og allt bendir til að sú þróun haldi áfram. Með nýju húsnæði og nýjum vélbúnaði munum við auka framleiðslugetu og bæta hagkvæmni framleiðslunnar til muna sem mun skila sér til okkar við-

skiptavina. Samhliða þessu höldum við svo áfram að þjónusta byggingamarkaðinn með breiðu vöruúrvali af byggingarvörum, allt frá einangrun og olfuskiljum til heitra pott,“ segir Haukur.

## Ker Borgarplast þekkt um allan heim

Í hverfisteypuhluta fyrirtækisins segir Haukur að áherslan verði sem fyrr á framleiðslu og sölu fiskikerja, bæði innanlands og erlendis. „Með aukinni vinnslu á ófrystum fisk hér á landi fylgir aukin notkun á fiskikerjum. Við framleiðum ker og tengdar vörur í mörgum stærðum og gerðum og hafa gæði þeirra og ending sannað sig á þeim áratugum sem okkar vörur hafa verið í notkun um allan heim. Kerjaframleiðsla Borgarplasts byggir á mikilli þekkingu og langri reynslu og til að mynda höfum við um árabíl framleitt öll ker fyrir Umbúðamiðlun sem er stærsta kerjaleiga hér á landi og þó víðar væri leitað. Vönduð og endingargóð ker sem viðhalda gæðum fisksins eru nauðsynlegur hlekkur í flutningskeðjunni en þó þau séu mest notuð í fiskiðnaði hér á landi þá eru ker Borgarplast ekki síður þekkt í fjölbreyttri matvælavinnslu erlendis, t.d. í kjöt- og ostavinnslu. „Við seljum ker til allra heimsálfa og höfum gert lengi þannig að útflutningur verður eftir sem áður stór þáttur starfseminnar hjá okkur,“ segir Haukur.

[borgarplast.is](http://borgarplast.is)

## Útgáfa fyrir atvinnulífið

### Fjölbreytt verkefni

Starfsmenn Ritforms eru með áratuga reynslu af hvers konar textavinnslu og fréttamiðlun, auglýsingasölu og fjármögnun verkefna, hönnun og umbroti, samskiptum við prentsmiðjur og dreifingaraðila.

Ritform leggur megin áherslu á útgáfu eigin miðla. Fyrirtækið annast einnig útgáfu tímarita og fréttablaða fyrir aðra og hefur þá heildarumsjón með verkinu, allt frá undirbúningi til lokafrágangs.

### Sala auglýsinga

Hjá Ritformi er mikil yfirsýn yfir íslenska auglýsingamarkaðinn. Ingibjörg Ágústadóttir auglýsingastjóri hefur starfað hjá Athygli og nú Ritformi í yfir 20 ár og byggt upp viðskiptatengsl við hundruð fyrirtækja.

### Hönnun og umbrot

Ritform tekur að sér hönnun af ýmsu tagi:

- ▶ Blaðaumbrot
- ▶ Ársskýrslur
- ▶ Auglýsingar
- ▶ Markpóstur
- ▶ Bæklingar
- ▶ Nafnspjöld

Við sjáum um öll samskipti við prentsmiðjur og finnum ávallt hagkvæmstu prentunina.

# RITFORM

**Riform ehf.**  
Suðurlandsbraut 30 // 108 Reykjavík  
Glerárgötu 28 // 600 Akureyri  
[ritform@ritform.is](mailto:ritform@ritform.is)

[ritform.is](http://ritform.is)



# HEILDARLAUSN í siglingataækjum

**SAILOR**<sup>®</sup>  
COBHAM



## FREMSTIR Í FJARSKIPTUM

**SAILOR**<sup>®</sup>  
COBHAM  
SERVICE PARTNER

- ★ Ný fjarskiptalína sem er einföld í notkun.
- ★ Allar talstöðvar með upptöku og endurspilun á kölluðum skilaboðum.
- ★ Sónar er umboðsaðili SAILOR á Íslandi.
- ★ Fáðu tilboð í SAILOR hjá okkur í nýsmíðar eða þegar uppfæra þarf eldri búnað.
- ★ Verðið kemur á óvart!

**JRC**

**gæðataeki**

- ekki sætta þig við annað!

## JMR-5400 RADAR



**NÝTT!**



- ★ Nýr black Box radar, fánlegur í X-band og S-band.
- ★ Ný tækni gerir smæstu báta mjög sýnilega.
- ★ Ný tækni tryggir einstaka virkni á styttri skölum.
- ★ Ný tækni á clutterum bætir virkni í slæmum veðrum og sjó.
- ★ Kortaoverlay mögulegt á radarmynd.
- ★ Hægt að tengja við wide screen skjái.

**SeapiX**

*Fáðu rétta  
heildarmynd  
- af botni og  
fiskitorfum!*



**NÝ  
ÚTGÁFA!**

## SEAPIX ÞRÍVÍDDARSÓNAR

- ★ Ný og endurbætt 4KW útgáfa, meira langdrægi!
- ★ Sýnir 120°x 120° svæði undir skipinu.
- ★ Raungreining fisks í kringum og undir skipinu.
- ★ Stærðar- og fiskigreining lóðninga með CHIRP.
- ★ Nákvæm greining botngerðar, botnlags og hörku.
- ★ Fullkomin veltuleiðrétting innifalin í búnaði.
- ★ Full útgáfa SeaXpert siglingarforritsins innifalin í búnaði.
- ★ Hefur reynt frábærlega við uppsjávar- og botnfiskveiðar.

**Sjón er sögu ríkari**

- verið velkomin að skoða  
skjáveggjakerfi í sýningarsal okkar!



**NÝTT!**

## SKJÁVEGGUR Í BRÚNA

- ★ Ný gerð skjáveggjalausnar sem komin er góð reynsla af í íslenskum skipum.
- ★ Margar útgáfur á framsetningu mynda frá tölvum, siglingatækjum, fiskileitartækjum, myndavélum, vélgæslukerfum, sjónvarpi og fleiru.
- ★ Öllu stjórnáð á einfaldan hátt með einni mús.

Sónar ehf  
Hvaleyrarbraut 2  
220 Hafnarfjörður  
Sími 512 8500  
sonar@sonar.is  
www.sonar.is

**SÓNAR**



Skuttogarinn Gullver kom nýr til landsins 1983 og hefur heldur betur dregið björg í bú fyrir Seyðfirðinga

# „Árið í fyrra okkar besta hingað til“

Áhöfnin á skuttogaranum Gullveri NS frá Seyðisfirði hefur heldur betur verið að gera það gott að undanfögnu. Á síðasta ári landaði Gullver meiru en nokkru sinni áður, um það bil tvöfalt meiru en það sem var vaninn áður en Síldarvinnslan keypti útgerðina og meiri kvóti kom á skipið. „Árið hjá okkur í fyrra gekk mjög vel, var okkar besta ár. Við lönduðum 6.100 tonn sem er það langmesta sem við höfum borið að landi,“ segir Rúnar Gunnarsson, annar skipstjóranna á Gullver.

## Skipið dugar vel

„Ég byrjaði á Gullveri þegar togarinn kom nýr til Seyðisfjarðar frá Noregi 1983. Þá var ég búinn að vera hjá fyrirtækinu frá 1976. Ég byrjaði vorið 1976 á gamla Gullver og var þar í eitt sumar. Við fengum svo Gullberg, togarann sem varð svo Otto Whatne, árið 1977 og var þar í sex ár þar til við fengum þennan árið 1983. Skipið er búinn að vera að segja má óbreytt frá því það kom og dugar bara mjög vel ennþá. Við erum mjög ánægðir með það. Viðhaldið hefur verið gott og skipið fer vel með mann,“ segir Rúnar. En hann bætir við: „Ég var reyndar búinn að fá nóg í hitteðfyrra og fór í land. Ég prufaði að vera hafnarvörður í eitt ár, en það gekk ekki upp, svo ég fór á sjóinn aftur og geri ráð fyrir að þrauka eitthvað áfram.“



■ Rúnar Gunnarsson skipstjóri á Gullveri NS segir skipið hafa nægan kvóta.

Myndir: Þorgeir Baldursson

**Halda sig „heima“ að mestu**  
 Þeir á Gullverinu eru ekki þekktir fyrir að sækja langt yfir skammt. Þeir stunda sín heimamið og hafa alla tíð gert. „Við höfum öll þessi ár sótt miðin hér fyrir austan og ekkert farið annað en tvö síðustu ár höfum við þó farið vestur á Selvogsbankann. Nú megum við veiða meiri þorsk en við máttum gera áður. Því höfum við tekið þrjá til fjóra túra vestur frá í mars og apríl. Við erum annars mest á veiðunum frá Lónkýpi og Berufjarðarál í suðri og austur í Litla Dýpi og á Fætinum. Á haustin náum við svo norður á flökin, Tangaflakið, Gerpisflakið, Seyðisfjarðardýpið og stundum Digranesflak.“

## Nægur kvóti

Þegar Síldarvinnslan kom kom inn í fyrirtækið á sínum tíma breyttist margt, segir Rúnar. „Það er nægur kvóti, sérstaklega eftir að Síldarvinnslan seldi Barðann, sem þeir höfðu verið með á ísfiski. Þá færðust meiri heimildir yfir til okkar en auk þess á Síldarvinnslan útgerð togaranna Vestmannaeyjar og Bergeyjar í Vestmannaeyjum.“

Rúnar segir að síðasta ár hafi verið mjög gott í þorskveiðinni en spurningin sé hvort það minnki eitthvað ef ekkert verði um loðnugöngur. „Við höfum aðeins orðið varir við hana í trollinu en ekki meira en svo að það er nánast hægt að telja hana. Þorskurinn hefur bara verið í einhverri átu núna úti í Seyðisfjarðardýpi þar sem við höfum verið frá áramótum.“



■ Áhöfnin í aðgerð.



■ Gullver togar á miðunum.



■ Með gott hol á dekkinu.



■ Það hvessir stundum á sjónum.





# 1943-2019

## Íslensk framleiðsla í yfir 70 ár

RB springdýnurnar eru íslensk framleiðsla.  
*Gæðadýnur fyrir íslenska sjómenn.*

### Seljum einnig:

- yfirdýnur
- gelyfirdýnur
- þrýstijöfnunaryfirdýnur
- eggjabakkadýnur
- heilsukodda
- gelheilsukodda
- þrýstijöfnunarkodda
- dúnkodda
- fíberkodda

Fást í öllum stærðum.

Myndir á heimasíðunni: [www.rbrum.is](http://www.rbrum.is)



Stofnað 1943

Opið virka daga 09:00 til 18:00 / laugardaga 10:00 til 14:00

RB-rúm | Dalshrauni 8 | 220 Hafnarfirði | Sími 555 0397 | [rbrum@rbrum.is](mailto:rbrum@rbrum.is) | [www.rbrum.is](http://www.rbrum.is)



# Vaxandi þorskaflí við Færeyjar

## Sjávárútvegur í Færeyjum

Landaður ferskur bolfskur og skelfiskur í gegnum löndunarþjónustuna í Færeyjum var rúmlega 74.000 tonn á síðasta ári sem er um þúsund tonnum eða 1,4% meira en árið áður. Landanir á ýsu og þorski jukust um 50% en dróguust saman í öðrum fisktegundum, einkum ufsa. Aflaverðmætið var um 850 milljónir færeyskra króna sem svarar til 15,5 milljarða íslenskra króna. Það er 10% vöxtur frá árinu áður. Uppsjávarfiskur er ekki inni í þessum tölum.

Afli og aflaverðmæti hefur verið lágt mörg undanfarin á. Betri aflár voru frá aldamótum fram til ársins 2007. Að meðaltali námu landanir í Færeyjum 125.000 tonn á því tímabili. Frá árinu 2007 hefur ferskfiskafli í gegnum löndunarþjónustuna verið að meðaltali 75.000 tonn. Í fyrra komu á land 74.000 tonn sem var örlitlu meira en árið áður.

Til landana telst sá fiskur sem fer í gegnum löndunarþjónustuna (Afreiðingarskipanina). Um er að



■ Afli á bæði þorski og ýsu virðist á uppleið í Færeyjum, ef marka má tölur fyrir síðasta ár.

ræða ferskan fisk að langmestu leyti sem færeyskir bátar bera að landi af fiskimiðunum við Færeyjar, Ísland og á Flæmska hattinum, þ.e. fyrir utan uppsjávarfisk.

Aflamagn og aflaverðmæti fylgjast ekki alltaf að. Í þessu tilfelli ræður verðið á fiskinum upp úr sjó

mestu máli. Aflaverðmætið hefur farið minnkandi undanfarin ár. Á árunum 2000 til 2007 var það að meðaltali 1,2 milljarðar færeyskra króna, sem svarar til 22 milljarða íslenskra króna. Síðustu fimm árin hefur verðmæti aflans verið að meðaltali um tæplega 14 milljarðar

íslenskra króna. Í fyrra fór verðmætið svo upp í 16 milljarða íslenskra króna, sem er 10% vöxtur frá árinu 2017. Það eru fyrst og fremst auknar landanir á þorski og verðmæti þeirra sem lyfta heildarverðmætinu upp.

Mikið barst á land af þorski í

fyrra, tæplega 17.000 tonn, sem er um helmingi meira en árið 2017. Sömuleiðis jókst verðmæti þorsksins verulega, fór úr 4 milljörðum íslenskra króna í 6 milljarða sem er vöxtur um 52%. Þorskaflí hefur verið líttill mörg síðustu ár, að meðaltali um 10.000 tonn á ári. Aflinn í fyrra er því mun meiri en undanfarin ár, en er þó miklu minni en árin 1996 til 2005. Þá var þorskaflí miklu meiri og varð í einstaka ári meira en tvöfalt meiri en á síðasta ári.

Ýsuaflinn jókst einnig mikið á síðasta ári, um 2.000 tonn og verðmætið um 456 milljónir króna. Aflinn er enn tiltölulega líttill þó árið 2018 sé það besta í áratug. Þá var landað ríflega 5.400 tonnum borðið saman við 20.000 tonn að meðaltali árin 2000 til 2007.

Á sama tíma og veiði á þorski og ýsu hefur verið líttill, hefur veiðst nokkuð vel af ufsa. En nú hefur veiðin á honum byrjað að dala. Aðeins veiddust 21.000 tonn í fyrra, sem er fall um 5.000 tonn frá árinu 2017. Til samanburðar var aflinn á árunum 2005 til 2010 að meðaltali 53.000 tonn.

## Kraftur sjávarútvegs er þjóðarhagur



VM  
Félag vélstjóra  
og málmteknimanna



APÓTEK  
VESTURLANDS

**FRYSTIKERFI**

Viðarhöfða 6 - Reykjavík



Félag  
skipstjórnar-  
manna



ÞORBJÖRN

Hafnargötu 12 · 240 Grindavík



Egersund  
Island



Sildarvinnslan hf



RAMMI



**Hvalur hf.**

Reykjavíkurvegi 48  
220 Hafnarfjörður

**KVÓTINN**

**Sigurbjörn ehf.**

Grímsey



# Með þús- und tonn af grálúðu

Kristrún RE er eina íslenska skipið sem stundar grálúðuveiðar í net allt árið. Afli skipsins nú er um 1.050 tonn frá kvótaáramótunum síðastlið haust. Frystitogarinn Guðmundur í Nesi er skráður með litlu meiri afla á aflastöðulista Fiskistofu eða 1.080 tonn. Anna EA er með 773 tonn. Anna, Þórsnes SH og Kap II stunda netaveiðar á grálúðu hluta úr árinu.

„Nú erum við búnir að vera á grálúðu eingöngu í rúmlega eitt ár. Við byrjuðum í janúar í fyrra. Það hefur gengið ágætlega. Við höfum verið að taka 200 til 300 tonn á mánuði í net. Þórsnes SH, Anna EA og Kap II VE hafa líka verið á þessu, mest á sumrin,“ segir Pétur Karl Karlsson, annar skipstjórnari á Kristrúnu.

„Við stundum þessar veiðar fyrir Norðurlandi að mestu leyti, aðallega frá Kolbeinsey og vestur eftir. Við höfum reyndar farið líka austur með Norðurlandinu og suður með Austfjörðunum og þetta hefur gengið ágætlega.“

## Skemmtilegur veiðiskapur

Áhöfnin á Kristrúnu byrjaði á þessum veiðum 2008 og var með fyrstu skipunum sem fóru á grálúðunet. Svo hefur skipum smám saman verið að fjölga, sérstaklega á sumrin. „Þetta kemur bara ágætlega út. Lúðan er hausskorin og sporðskorin og svo er blóðdálkurinn hreinsaður. Nákvæmlega eins vinnsla og er á frystitogurunum og allt hirt nema innvolsið. Afurðirnar fara frosnar beint í gám og til Austurlanda. Hver túr er að jafnaði fjórar vikur og oftast erum við með fullfermi. Þetta er skemmtilegur veiðiskapur en þetta getur líka verið erfitt. Við erum með átta trossur og 80 net í trossunni. Þannig að hver trossa er fjórar mílur. Við erum svo að draga tvær trossur á dag,“ segir Pétur.

Grálúða er fiskur sem ekki er hægt að segja að sé á borðum fólks á hverjum degi. „Hefur þú smakkað að hana,“ spyr Pétur. „Hún er svakalega feit enda tekur töluvert lengri tíma að frysta hana heldur en þorskflokin. Við erum helvíti góðir ef við náum 11 til 12 tonnum á sólarhring.“

Pétur segir að veiðin sé búin að vera svipuð þessi tíu ár sem þeir hafa verið að þessum veiðiskap, enda hefur heildaraflinn verið svipaður allan þann tíma.



■ Grálúðan er haus- og sporðskorin og fryst um borð. Afurðirnar eru seldar til Asíu.



■ Pétur Karl Karlsson er annar af tveimur skipstjórnari á Kristrúnu RE. Hann lætur vel af grálúðuveiðunum.



■ Það hefur verið kalt í febrúar að sögn Péturs en aflinn góður.



**Rás 16** er neyðarrás sjófarenda og alltaf opin. Það að þú hlustir á hana getur skilið á milli lífs og dauða.



# HB Grandi í grásleppu- vinnslu á Vopnafirði

Ákveðið hefur verið að hefja vinnslu á grásleppu hjá HB Granda á Vopnafirði, þegar vertíðin hefst síðar í vetur að lokinni loðnuvertíð, verði á annað borð eitthvað af loðnuveiðum. Enginn kvóti hefur enn verið gefinn út á loðnuna en verksmiðjan er tilbúin til að taka á móti hráefni.

Magnús Róbertsson, framleiðslustjóri HB Granda, segir að í grásleppunni sé um að ræða slægingu og söltun á hrognum líkt og gert hafi verið hjá dótturfélagi HB Granda á Akranesi, Vigni G. Jónssyni. Um verði að ræða vinnslu á grásleppu af bátum bæði fyrir austan og annars staðar af landinu, en hrognin verði síðan fullunnin á Akranesi.

Magnús segir að með þessu ættu flestir eða allir fastir starfsmenn HB Granda á Vopnafirði fá einhverja vinnu. Hann segir að einnig séu allaf allnokkur verkefni milli vertíða í uppsjávarvinnslunni, alls konar þrif og frágangur og síðan undirbúningur. Með þessu ásamt grásleppunni vonist hann því til að föst og stöðug vinna verði fyrir flesta ef ekki alla fasta starfsmenn. Vissulega séu enn fremur vissir möguleikar í stöðunni, svo



■ Magnús Róbertsson, framleiðslustjóri HB Granda á Vopnafirði.



■ Hugmyndin er að vinna grásleppu á Vopnafirði af bátum bæði á Austurlandi og víðar af landinu ef tækifæri gefast til þess. Hrognin fara til vinnslu á Akranesi.

sem vinnsla á grálúðu en þar sé ekkert ákveðið.

„Við erum að skoða og reyna að finna út hvað sé best að gera. Ég er bara bjartsýnn á að á komandi

missurum verði næg vinna. Ég heyri ekki annað en að það sé fullur vilji hjá stjórnendum HB Granda að svo verði,“ segir Magnús.




# ALLAR OKKAR PEYSUR ERU PRJÓNAÐAR Á ÍSLANDI

VELJUM ÍSLENSKT



**HANDPRJÓNASAMBAND  
ÍSLANDS**

Skólavörðustígur 19 & Borgartún 31    t: +354 552 1890    [handknitted.is](http://handknitted.is)





**wisefish**  
sjávarútvegslausrir

## Fullbúin sjávarútvegslausrir í áskrift Microsoft Dynamics NAV

Wise hefur verið leiðandi í þróun hugbúnaðarlausna fyrir sjávarútveg með WiseFish í fararbroddi sem er vottað af Microsoft.

Þú færð sjávarútvegslausrir  
í áskrift á [navaskrift.is](http://navaskrift.is)

kr. **24.900** pr. mán.  
án vsk.

Þjóðum einnig Office 365 í áskrift.

 Office 365



**wise**


Wise lausrir ehf. » Borgartún 26, 105 Reykjavík » Hafnarstræti 93-95, 600 Akureyri  
sími: 545 3200 » [wise@wise.is](mailto:wise@wise.is) » [wise.is](http://wise.is)



FULLA FERÐ ÁFRAM,  
FISKIMIÐIN ERU FRAMUNDAN.  
...OG ALLIR KOMU ÞEIR AFTUR.



10" EÐA 12" FORRITANLEGIR FLYTINAPPAR INNBYGGBUR DÝPTARMÆLIÐ MED CHIRP + CLEARVÚ + SIDEVÜ TÆKNI SAMHÆFT PANOPTIX SÓNAR



GPSMAP® 1022xsv & 1222xsv

GARMIN

GARMINBÚÐIN

Ögurharf 2 | 577 6000 | garmin.is